

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

2005/EES/9/15

frá 30. maí 2002

um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar viðhaldsundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2002) 1946)

(2002/730/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 96/48/EB frá 23. júlí 1996 um rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽¹⁾, einkum 1. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt c-lið 2. gr. tilskipunar 96/48/EB skiptist samevrópska háhraðajárnbrautakerfið í undirkerfi, sem eru mannvirki, og í starfræn undirkerfi. Þessum undirkerfum er lýst í II. viðauka við tilskipunina.
- 2) Samkvæmt 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar gildir tiltekin tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fyrir hvert undirkerfi.
- 3) Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar skal sameiginlega fulltrúaráðið semja drög að tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.
- 4) Nefndin, sem komið var á fót með 21. gr. tilskipunar 96/48/EB, hefur tilnefnt Evrópusamtök um rekstrarsamhæfi járnbrauta (AEIF) sem sameiginlegt fulltrúaráð í samræmi við h-lið 2. gr. tilskipunarinnar.

- 5) Evrópusamtökin um rekstrarsamhæfi járnbrauta hafa fengið umboð til að semja drög að tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fyrir viðhaldsundirkerfið í samræmi við 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar. Ákvörðun um umboðið var tekin í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 21. gr. tilskipunarinnar.
- 6) Evrópusamtökin um rekstrarsamhæfi járnbrauta hafa samið drög að tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og kynningarskýrslu sem inniheldur kostnaðar- og ábatagreiningu eins og kveðið er á um í 3. mgr. 6. gr.
- 7) Fulltrúar aðildarríkjanna hafa skoðað drögin að tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, með hliðsjón af kynningarskýrslunni, innan vébanda nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipuninni.
- 8) Eins og tilgreint er í 1. gr. tilskipunar 96/48/EB varða skilyrðin, sem fullnægja þarf til að ná fram rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins, eftirfarandi atriði: hönnun, smíði, endurbætur og rekstur grunnvirkja og járnbrautarvagna sem stuðla að starfrækslu kerfisins og verða tekin í notkun eftir að þessi tilskipun öðlast gildi. Að því er varðar grunnvirki og járnbrautarvagna, sem hafa verið tekin í notkun fyrir samþykkt þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi, ber að nota tækniforskriftina frá þeim tíma sem verklegar framkvæmdir eru fyrirhugaðar við grunnvirkin og járnbrautarvagnana. Að hve miklu leyti tækniforskriftin um rekstrarsamhæfi er notuð er breytilegt eftir markmiði og umfangi fyrirhugaðs verks og þeim kostnaði og ábata sem hugsanleg notkun tækniforskriftarinnar hefur í för með sér. Forsendan fyrir því að slík hlutaverk nái til samans fullu rekstrarsamhæfi er að þau byggist á samræmdri framkvæmdaáætlun. Í þessu samhengi er rétt að gera greinarmun á endurbótum, endurnýjun og umskiptingu íhluta vegna viðhalds.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. EB L 245, 12.9.2002, bls. 1. Hennar er getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 34/2003 frá 14. mars 2003 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 29, 5.6.2003, bls. 24.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 6.

- 9) Það er viðurkennt að tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi taka hvorki til endurnýjunar né til umskiptingar íhluta vegna viðhalds. Það er þó æskilegt að tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi gildi um endurnýjun eins og raunin verður um tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi fyrir almenna járnbrautakerfið samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/16/EB⁽¹⁾. Aðildarríkin eru hvött til þess að nota tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi gagnvart endurnýjun og gagnvart umskiptingu íhluta vegna viðhalds án þess að fyrir liggi krafa um slíkt og að teknu tilliti til umfangs endurnýjunarverksins.
- 10) Í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, sem þessi tilskipun fjallar um, er þess ekki krafist að notuð sé sérstök tækni eða tæknilausnir nema það sé alveg nauðsynlegt vegna rekstrarsamhæfis samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins.
- 11) Tækniforskriftin um rekstrarsamhæfi, sem þessi ákvörðun fjallar um, byggist á bestu fyrirbyggjandi sérfræðikunnáttu á þeim tíma sem drögin að henni eru samin. Tækniþróunin eða nýjar kröfur samfélagsins geta leitt til þess að nauðsynlegt verður að breyta þessari tækniforskrift eða bæta við hana. Ef við á verður hafin endurskoðun eða uppfærsla á tækniforskriftinni í samræmi við 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB.
- 12) Sérákvæði um viðhald fyrir hvert undirkerfi og ákvæði um ófullkomnar rekstraraðstæður eru sett fram í viðeigandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi. Tækniforskriftin um rekstrarsamhæfi fyrir viðhaldsundirkerfið varðar því aðeins viðhaldsstöðvar fyrir járnbrautarlestir.
- 13) Í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, sem fjallað er um í þessari ákvörðun, er í sumum tilvikum gefinn kostur á vali milli mismunandi lausna þannig að unnt er að velja rekstrarsamhæfðar lausnir sem eru endanlegar eða til bráðabirgða eftir því hvernig ástandið er. Að auki er í tilskipun 96/48/EB gert ráð fyrir sérstökum framkvæmdarákvæðum í sérstökum tilvikum. Enn fremur þurfa aðildarríkin ekki að nota tiltekna tækniforskriftir í þeim tilvikum sem kveðið er á um í 7. gr. tilskipunarinnar. Því er nauðsynlegt að aðildarríkin sjái til þess að skrá yfir grunnvirki og skrá yfir járnbrautarvagna séu birtar og uppfærðar ár hvert. Í þessum skráum skal tilgreina helstu eiginleika innlenda grunnvirkisins og járnbrautarvagnanna (t.d. grunnfærifreytur) og mælt er fyrir um vensl þeirra við eiginleikana í gildandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi. Því er í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, sem fjallað er um í þessari ákvörðun, tiltekið nákvæmlega hvaða upplýsingar skuli vera í skránum.
- 14) Við notkun tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi, sem fjallað er um í þessari ákvörðun, skal taka tillit til sérviðmiðana um tækni- og rekstrarsamhæfi grunnvirkjanna og járnbrautarvagnanna, sem taka á í notkun, og kerfisins sem þau eiga að verða hluti af. Þessar samhæfiskröfur kalla á flókna, tæknilega og efnahagslega greiningu í hverju tilviki fyrir sig. Við greininguna ber að taka tillit til:
- skilflata milli undirkerfanna sem um getur í tilskipun 96/48/EB,
 - mismunandi flokka brauta og járnbrautarvagna sem um getur í þeirri tilskipun, og
 - tækni- og rekstrarumhverfis núverandi kerfis.
- Það er því mikilvægt að gera áætlun um framkvæmd tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi, sem fjallað er um í þessari ákvörðun, þar sem lýst er tæknilegum áföngum í umbreytingu kerfisins í sinni núverandi mynd yfir í rekstrarsamhæft kerfi.
- 15) Ákvæði þessarar ákvörðunar eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 96/48/EB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdastjórnin samþykkir hér með tækniforskriftina um rekstrarsamhæfi sem varðar viðhaldsundirkerfið í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu sem um getur í 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 96/48/EB. Tækniforskriftin um rekstrarsamhæfi er birt í viðaukanum við þessa ákvörðun. Tækniforskriftin um rekstrarsamhæfi gildir að fullu um grunnvirki og járnbrautarvagna samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem skilgreint er í I. viðauka við tilskipun 96/48/EB, að teknu tilliti til 2. gr. hér á eftir.

2. gr.

1. Í þessari grein er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „endurbætur“: umtalsverð vinna við breytingu á undirkerfi eða hluta undirkerfis sem breytir afköstum undirkerfisins,

— „endurnýjun“: umtalsverð vinna við umskiptingu undirkerfis eða hluta undirkerfis sem breytir ekki afköstum undirkerfisins,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 110, 20.4.2001, bls. 1.

— „umskipting íhluta vegna viðhalds“: umskipting íhluta með hlutum, sem gegna sama hlutverki og skila sama árangri, með fyrirbyggjandi viðhald eða viðgerðir fyrir augum.

2. Þegar um endurbætur er að ræða leggur samningsstofnunin lýsingu á verkefninu fyrir hlutaðeigandi aðildarríki. Aðildarríkið skoðar verkefnislýsinguna og ákveður, ef við á og að teknu tilliti til framkvæmdaráætlunarinnar í 7. kafla meðfylgjandi tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi, hvort nota þurfi meðfylgjandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi. Ef svo er tilkynnir aðildarríkið það til nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 96/48/EB.

3. Þegar um er að ræða endurnýjun og umskiptingu íhluta vegna viðhalds er notkun meðfylgjandi tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi valfrjáls.

3. gr.

Meðfylgjandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi öðlast gildi að liðnum sex mánuðum frá tilkynningu þessarar ákvörðunar.

4. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 30. maí 2002.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Loyola DE PALACIO

varaforseti

VIÐAUKI

TÆKNIFORSKRIFT UM REKSTRARSAMHÆFI VIÐHALDSUNDIRKERFISINS

1. INNGANGUR

1.1. TÆKNILEGT GILDISSVIÐ

Þessi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi varðar viðhaldsundirkerfið en það er eitt þeirra undirkerfa sem talið er upp í 1. lið II. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

Tækniforskriftin er hluti af safni sex tækniforskrifta um rekstrarsamhæfi sem taka til allra undirkerfanna átta sem skilgreind eru í tilskipuninni. Þær forskriftir fyrir undirkerfin „notendur“ og „umhverfi“, sem eru nauðsynlegar til að tryggja rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins í samræmi við grunnkröfurnar, eru settar fram í viðkomandi tækniforskriftum um rekstrarsamhæfi.

Í 2. kafla eru gefnar meiri upplýsingar um viðhaldsundirkerfið.

1.2. LANDFRÆÐILEGT GILDISSVIÐ

Landfræðilegt gildissvið þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi er samevrópska háhraðajárnbrautakerfið sem lýst er í 1. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

Einkum skal vísað til brauta samevrópska járnbrautakerfisins eins og þeim er lýst í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins 1692/96/EB frá 23. júlí 1996 um viðmiðunarreglur bandalagsins varðandi þróun samevrópsks flutninganets eða í einhverri af uppfærslum þessarar ákvörðunar í kjölfar endurskoðunar sem kveðið er á um í 21. gr. þeirrar ákvörðunar.

1.3. EFNI ÞESSARAR TÆKNIFORSKRIFTAR UM REKSTRARSAMHÆFI

Í samræmi við 3. mgr. 5. gr. og b-lið 1. liðar I. viðauka við tilskipun 96/48/EB eru í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi:

- a) tilgreindar grunnkröfur sem varða undirkerfi og skilfleti þeirra (3. kafli),
- b) ákvarðaðar grunnfæribreyturnar sem lýst er í 3. lið II. viðauka við þá tilskipun og eru nauðsynlegar til að uppfylla grunnkröfurnar (4. kafli),
- c) ákvörðuð þau skilyrði sem fullnægja þarf til að ná fram tilgreindum afköstum fyrir hvern eftirtalinna flokka af sporum (4. kafli):
 - I. flokkur: sérstaklega byggð háhraðaspor þar sem gert er ráð fyrir hraða sem nemur 250 km/klst. eða meira,
 - II. flokkur: sérstaklega endurbætt háhraðaspor þar sem gert er ráð fyrir hraða sem nemur u.þ.b. 200 km/klst.,
 - III. flokkur: sérstaklega endurbætt háhraðaspor sem hafa sérstök einkenni sem stafa af hömlum sem staðhættir setja, vegna hæðarmunar í landslagi eða skipulags bæja, og þar sem laga þarf hraða að hverju tilviki,
- d) ákvörðuð hugsanleg framkvæmdarákvæði í sérstökum tilvikum (7. kafli),
- e) teknar ákvarðanir um fyrir hvaða rekstrarsamhæfishluta og skilfleti skuli semja þær evrópsku forskriftir, að meðtöldum evrópskum stöðlum, sem eru nauðsynlegar til að ná fram rekstrarsamhæfi innan samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins með hliðsjón af grunnkröfunum (5. kafli),
- f) fyrirmæli, í hverju einstöku tilviki, um hverja aðferðareininganna, sem skilgreindar eru í ákvörðun 93/465/EBE, skuli nota eða, þar sem við á, hvaða tilteknu málsmeðferð skuli nota til að meta annaðhvort samræmi rekstrarsamhæfishlutanna eða nothæfi þeirra, sem og „EB“-sannprófun undirkerfanna (6. kafli).

2. SKILGREINING Á UNDIRKERFINU OG GILDISSVIÐ ÞESS

Markmiðið með þessari tækniforskrift er að setja fram tæknileg og stjórnsýsluleg fyrirmæli ásamt nauðsynlegum og viðeigandi verklagsreglum er varða hluta viðhaldsundirkerfisins og skilfletina enda nauðsynlegt til að tryggja að rekstrarsamhæfi evrópska háhraðakerfisins sé í samræmi við grunnkröfurnar í viðhaldsundirkerfinu.

Sviðið, sem viðhaldsundirkerfið nær yfir, ásamt notkunarsviði fyrir tilheyrandi tækniforskriftir er skilgreint með hliðsjón af þeim viðhalds- eða vöktunaraðgerðum sem skulu vera almennar starfsvenjur til að uppfylla kröfur um rekstrarsamhæfi.

Með tilliti til landfræðilegrar uppbyggingar evrópska háhraðabrautakerfisins og hraðans, sem lestum er ekið á í atvinnurekstri, verður unnt að skipuleggja leiðaskrá sem er með þeim hætti að hverri lest er ekið til baka með föstu millibili á tilnefnda viðhaldsstöð í upprunalandi sínu þar sem flóknar viðhaldsaðgerðir fara fram svo oft sem hönnun og áreiðanleiki háhraðalesta útheimtir. Við hönnun háhraðalesta eru í raun samþættar mjög ábyggilegar tæknilausnir og hagnýtar útfærslur sem fela í sér varakerfi sem leiða til þess að háhraðalestirnar eru tiltækar til ráðstöfunar í miklu lengri tíma en þegar um er að ræða hefðbundnar vagnalestir með einni eða tveimur eimreiðum. Vöktunar- eða prófunartæki, sem eru tengd sjálfvirkum frátengingarbúnaði, gera það einnig auðveldara að greina starfrænt ástand vagnalestarinnar en þá er unnt að stjórna samsetningu hennar á þann hátt að hægt sé að nota hana áfram í atvinnurekstri þar til hún kemur til baka á viðhaldsstöðina.

Stjórnendur grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækja skulu koma sér saman um, í hverju tilviki fyrir sig og með hliðsjón af eiginleikum járnbrautarvagnanna og rekstrarreglum eða -ákvæðum í viðkomandi löndum, við hvaða aðstæður megi gera við járnbrautarvagnana þannig að unnt sé að koma þeim á öruggan hátt til baka til umsaminnar viðhaldsstöðvar og um sérstök rekstrarskilyrði fyrir járnbrautarvagna í ófullkomnu rekstrarástandi.

Meiri háttar viðgerð (nema um sé að ræða nauðsynlega viðgerð vegna sérstakra aðstæðna, sbr. I. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi) eða skoðun má aldrei fara fram utan sérhæfðra viðhaldsstöðva fyrir vagnalestir. Því skal starfsemi á viðhaldsstöðvum fyrir vagnalestir, sem þessi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi nær yfir, vera skýrt takmörkuð við aðgerðir sem tryggja rekstrarsamhæfi. Þessar aðgerðir varða áfyllingu með einnota birgðum (vatni og sandi), þrif vagnalesta (að innan og utan) og tæmingu salerna.

Að öllu jöfnu skal sérstyrkomulag á viðhaldi fyrir hvert undirkerfi, sem fellur undir tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, tilgreint í tilheyrandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Að því er varðar áreiðanleika vagnalestanna og hagnýtar útfærslur á þeim og að því er varðar viðkomandi viðhaldsfyrirtæki skal viðhaldið skipulagt með þeim hætti að það samræmist rekstri á vagnalestinni sem er í senn viðunandi í efnahagslegu tilliti og ábatasamur.

Samkvæmt þessu heyrir sú aðstaða undir gildissvið tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi „viðhalds“ þar sem fram fer:

- hreingerning á vagnalestum að innan og utan,
- vinna við salemi með safngeymi,
- vatns- og sandáfylling.

3. GRUNNKRÖFUR

3.1. Samkvæmt 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 96/48/EB verður samevrópska háhraðajárnbrautakerfið, undirkerfi þess og rekstrarsamhæfishlutar þeirra að uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem tilgreindar eru í III. viðauka við tilskipunina.

3.2. Grunnkröfurnar varða:

- öryggi,
- áreiðanleika og tiltækileika,
- heilbrigði,
- umhverfisvernd,
- tæknilegt samhæfi.

Samkvæmt tilskipun 96/48/EB geta grunnkröfurnar verið almenns eðlis og gilt fyrir allt samevrópska háhraðabrautakerfið eða innihaldið atriði sem varða tiltekið undirkerfi og hluta þess.

- 3.3. Kröfur, sem gilda sérstaklega um viðhaldsundirkerfið (búnað og verklagsreglur á viðhaldsstöðvum sem annast rekstrarsamhæfðar háhraðavagnalestir) og svara til og koma til viðbótar við þau atriði, sem mælt er fyrir um í III. viðauka við tilskipunina, eru tilgreindar á eftirfarandi hátt:

— **Öryggi**

Grunnkrafa 1.1.1:

„Hönnun, smíði eða samsetning, viðhald og vöktun íhluta, sem varða öryggi, einkum íhluta, sem tengjast hreyfingu lestar, skal vera með því móti að tryggt sé öryggi sem samræmist þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir kerfið, einnig við tilgreindar, ófullkomnar rekstraraðstæður.“

Þessi grunnkrafa telst uppfyllt ef vottað er samræmi við forskriftirnar í lið 4.2.2.2.5 (sandáfyllingar-búnaður) í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Grunnkrafa 1.1.2:

„Færibreytur, sem varða snertingu hjóla og teina, verða að uppfylla þær kröfur um stöðugleika sem eru nauðsynlegar til að tryggja öruggan akstur á leyfilegum hámarkshraða.“

Þessi grunnkrafa á ekki við um viðhaldsundirkerfið.

Grunnkrafa 1.1.3:

„Íhlutirnir, sem notaðir eru, verða að standast allt tilgreint, eðlilegt og óeðlilegt álag allan þann tíma sem þeir eru í notkun. Nauðsynlegt er að takmarka með viðeigandi ráðstöfunum áhrif bilana á öryggisatriði.“

Þessi grunnkrafa á ekki við um viðhaldsundirkerfið.

Grunnkrafa 1.1.4:

„Hanna skal föst mannvirki og járnbrautarvagna og velja efni með tilliti til þess að takmarka myndun, útbreiðslu og áhrif elds og reyks í eldsvoða.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við innlendar reglur.

Grunnkrafa 1.1.5:

„Búnaðar, sem notendur eiga að meðhöndla, skal vera þannig hannaður að sú notkun hans, sem er fyrirsjáanleg en samrýmist ekki meðfylgjandi leiðbeiningum, stefni öryggi notenda ekki í hættu.“

Þessi grunnkrafa á ekki við um viðhaldsundirkerfið.

— **Áreiðanleiki og tiltækileiki**

Grunnkrafa 1.2:

„Vöktun og viðhald fastra og hreyfanlegra íhluta, sem tengjast akstri lesta, skal skipuleggja og framkvæma þannig og svo oft að íhlutirnir séu starfhæfir við þau skilyrði sem til er ætlast.“

Í háhraðavagnalestum eru notaðar mjög áreiðanlegar tæknilausnir og hagnýtar útfærslur með varakerfum sem tryggja hámarkstiltækileika vagnalestarinnar. Vöktunar- eða eftirlitsbúnaður, sem tengdur er sjálfvirkum frátengikerfum, gerir það einnig auðveldara að átta sig á starfrænu ástandi vagnalestarinnar og stjórna samsetningu hennar á þann hátt að hægt sé að nota hana áfram í atvinnurekstri þar til hún kemur til baka á viðhaldsstöðina

Það þarf því ekki að gera sérstakar ráðstafanir vegna viðhaldsundirkerfisins til að tryggja áreiðanleika vagnalestarinnar og tiltækileika í tengslum við þessa grunnkröfu.

— Heilbrigði*Grunnkrafa 1.3.1:*

„Óheimilt er að nota í lestum og járnbrautargrunnvirkjum efni sem líklegt er, sökum þess hvernig þau eru notuð, að hafi í för með sér heilsufarshættu fyrir fólk sem hefur aðgang að þeim.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við tilskipanir EB og innlendar reglur.

Grunnkrafa 1.3.2:

„Slík efni skal velja, meðhöndla og nota þannig að losun skaðlegs eða hættulegs reyks eða lofttegunda sé takmörkuð, einkum í eldsvoða.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við innlendar reglur.

Grunnkrafa 2.5.1:

„Tæknibúnaður og verklagsreglur, sem notaðar eru á viðhaldsstöðvum, mega ekki setja heilbrigði manna í hættu.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við innlendar reglur.

— Umhverfisvernd*Grunnkrafa 1.4.1:*

„Nauðsynlegt er að meta áhrif stofnunar og rekstrar samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins á umhverfið og taka tillit til þeirra áhrifa við hönnun kerfisins í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins.“

Þessi grunnkrafa á ekki við um viðhaldsundirkerfið.

Grunnkrafa 1.4.2:

„Efni, sem notuð eru í lestum og grunnvirkjum, skulu vera þannig að frá þeim losni hvorki reykur né lofttegundir sem eru skaðlegar eða hættulegar umhverfinu, einkum ef eldur kemur upp.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við innlendar reglur.

Grunnkrafa 1.4.3:

„Nauðsynlegt er að hanna og smíða járnbrautarvagna og orkuveitikerfi þannig að þau séu samhæfð, að því er varðar rafsegulsvið, við mannvirki, búnað og opinber kerfi eða einkakerfi sem þau kynnu að trufla.“

Þessi grunnkrafa á ekki við um viðhaldsundirkerfið.

Grunnkrafa 2.5.2:

„Tæknibúnaður og verklagsreglur, sem notaðar eru á viðhaldsstöðvum, mega ekki valda meira ónæði í umhverfinu en leyfileg mörk segja til um.“

Fyrir föst mannvirki viðhaldsundirkerfisins telst þessi grunnkrafa uppfyllt ef sýnt er fram á að þessi mannvirki séu í samræmi við innlendar reglur.

— **Tæknilegt samhæfi**

Grunnkrafa 1.5:

„Tæknilegir eiginleikar grunnvirkja og fastra mannvirkja verða að vera samhæfir innbyrðis og við eiginleika lesta sem á að nota í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu.

Ef erfitt reynist að halda fyrrnefndum eiginleikum á tilteknum hlutum netsins er leyfilegt að nota bráðabirgðalausnir sem tryggja samhæfi í framtíðinni.“

Þessi grunnkrufa telst uppfyllt ef vottað er samræmi við forskriftirnar í liðum 4.2.2.1, 4.2.2.2.1, 4.2.2.2.2 og 4.2.2.2.4 í 4. kafla og í liðum 5.3.1 og 5.3.5 í 5. kafla þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi.

Grunnkrafa 2.5.3:

„Viðhaldsmannvirki fyrir háhraðajárnbrautarlestir þurfa að vera þannig að hægt sé að sinna málum er varða öryggi, hreinlæti og þægindi í öllum lestum sem aðstaðan er hönnuð fyrir.“

Þessi grunnkrufa telst uppfyllt ef vottað er samræmi við fyrirmælin í liðum 4.2.2.1, 4.2.2.2.1, 4.2.2.2.2, 4.2.2.2.4, 4.2.2.2.5 og 4.2.2.2.6 í 4. kafla og í liðum 5.3.1 og 5.3.5 í 5. kafla þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi.

- 3.4. Sannprófað er samkvæmt ákvæðum tilskipunar 96/48/EB hvort grunnkröfur um undirkerfið og hluta þess hafa verið uppfylltar.

4. LÝSING Á EIGINLEIKUM UNDIRKERFISINS

Samevrópska háhraðajárnbrautakerfið, sem fellur undir ákvæði tilskipunar 96/48/EB og sem viðhaldsundirkerfið er hluti af, er samþætt kerfi og sannprófa verður samræmi þess, einkum að því er varðar grunnfæribreytur, skilfleti og afköst, til að tryggja rekstrarsamhæfi kerfisins með tilliti til grunnkraftanna.

Eiginleikum viðhaldsundirkerfisins er lýst á eftirfarandi hátt með tilliti til rekstrarsamhæfis:

4.1. GRUNNFÆRIBREYTUR VIÐHALDSUNDIRKERFISINS

Grunnfæribreyturnar, sem taldar eru upp í 3. lið II. viðauka við tilskipun 96/48/EB, lýsa ekki eiginleikum viðhaldsundirkerfisins.

4.2. SKILFLETIR VIÐHALDSUNDIRKERFISINS

4.2.1. **Skilfletir undirkerfisins**

Með tilliti til tæknilegs samhæfis hefur viðhaldsundirkerfið skilfleti við:

- grunnvirkisundirkerfið,
- járnbrautarvagnaundirkerfið.

4.2.2. **Helstu eiginleikar þessara skilflata eru:**

4.2.2.1. *Skilflötur við grunnvirkisundirkerfið*

- Geymsluspor
 - Geymsluspor skulu búin loftlínu sem sér lestinni fyrir rafmagni.
 - Mál þeirra (þ.m.t. lengd) skulu vera í samræmi við fyrirmælin í lið 4.3.3.5 í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi fyrir viðhaldsundirkerfið.
 - Ef notaður er vagn til að tæma salernin skal minnsta fjarlægð milli miðlína sporanna vera sex metrar og vagninn skal hafa braut til að renna á.

4.2.2.2. Skilflötur við járnbrautarvagnaundirkerfið.

4.2.2.2.1. Aðstaða til að þrifa vagnalestina að utan

— Unnt skal vera að þrifa framrúðurnar í stýrishúsinu bæði frá jörðu og af pöllum, sem eru í 550 mm eða 760 mm hæð frá jörðu, með viðeigandi hreingerningarbúnaði (einkum með tilliti til heilbrigðis- og öryggissjónarmiða) á öllum stöðvum og í allri aðstöðu þar sem lestarnar nema staðar eða eru geymdar.

— Ef notaðar eru þvottavélar skulu þær geta þvegið einnar eða tveggja hæða vagnalestir að utan sem eru:

— 1000 til 3500 mm á hæð ef lestin er á einni hæð,

— 500 til 4300 mm á hæð ef lestin er á tveimur hæðum.

Unnt skal vera að stilla hraðann, sem lestin ekur á í gegnum lestarþvottastöðina, þannig að hann henti fyrir viðkomandi þvottastöð, þ.e. milli 4 og 6 km/klst.

— Vörur, sem eru notaðar til að þvo lestir, verða að uppfylla staðbundnar reglur um umhverfisvernd.

4.2.2.2.2. Kerfi til að tæma salernin

— Salerni í vagnalestum skulu þannig búin að kleift sé að tæma salerni með lokuðu kerfi (með hreinu eða hreinsuðu vatni) á þriggja daga fresti svo að unnt sé að tæma þau á til þess ætluðum stöðvum samkvæmt fastri tímaáætlun.

— Tæmingarbúnaður fyrir salerni (fastur eða færanlegur) skal samhæfður við allar gerðir salerna með lokuðu kerfi.

— Færanlegur tæmingarvagn skal vera til reiðu þannig að tæming geti farið fram þegar þörf krefur en þá er unnt að nýta járnbrautarvagnana áfram í atvinnurekstri þar til þeir koma til baka á heimastöðina.

— Allir færanlegir tæmingarvagnar, sem þörf er á, skulu vera með búnaði þannig að framkvæma megi allar eftirfarandi aðgerðir:

— sog (viðmiðunargildið fyrir sogþrýsting er 0,2 bör),

— hreinsun (gildir aðeins um búnað fyrir tæmingu salerna með safngeymi),

— forhleðslu eða áfyllingu með íblöndunarefni (gildir aðeins um búnað fyrir tæmingu salerna með safngeymi),

— tæmingu.

4.2.2.2.3. Búnaður til að þrifa vagnalestina að innan

— Í hverjum lestarvagni á að vera rafmagnstengill fyrir 3000 VA afl við 230 V, 50 Hz, sem sér hreingerningarbúnaðinum fyrir raforku. Þetta afl á að vera tiltækt samtímis í öllum vögnum lestarinnar. Rafmagnstenglum inni í lestinni á að koma þannig fyrir að enginn hluti vagns, sem á að þrifa, sé lengra en 12 metra frá tengli.

4.2.2.2.4. Vatnsáfyllingarbúnaður

— Fylla skal nýjan vatnsáfyllingarbúnað í rekstrarsamhæfa járnbrautakerfinu með drykkjarvatni í samræmi við tilskipun 98/83/EB og sjá til þess að búnaðurinn vinni þannig að vatnið, sem kemur út úr síðustu einingunni á föstum hluta þessa búnaðar, uppfylli þær kröfur um gæði neysluvatns sem tilgreindar eru í tilskipuninni.

4.2.2.2.5. Sandáfyllingarbúnaður

— Sandkassar eru að jafnaði fylltir við reglubundið viðhald á sérhæfðum verkstæðum sem annast viðhald vagnalesta. Ef þörf krefur skal þó hafa til reiðu sand sem uppfyllir staðbundnar forskriftir um þessa notkun þannig að unnt sé að fylla sandkassana og nýta járnbrautarvagnana áfram í atvinnurekstri þar til þeir koma til baka á viðhaldsstöðina.

4.2.2.2.6. Sérstakar kröfur um geymslu lesta

Lestirnar skulu hannaðar þannig:

- að hávaði við geymslu lestarvagna fari ekki yfir hávaðamörk samkvæmt tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fyrir járnbrautarvagnaundirkerfið,
- að ekki þurfi reglubundna vöktun þótt straumur sé á þegar vagnarnir eru í geymslu,
- að hægt sé að raða þeim fyrir mismunandi aðstæður (bið, undirbúning o.s.frv.),
- að ekki verði tjón á lestarhlutum þótt straumur fari af,
- að unnt sé að tryggja að lestir í geymslu hreyfist ekki óvænt.

Einkum verða lestirnar að vera búnar stöðuhemlum til að tryggja að ávallt sé unnt að nota slíka hemla þegar þess er krafist samkvæmt staðbundnum rekstrarreglum.

4.2.3. Stjórnsýslu- og rekstrarákvæði

Til að tryggja samræmi í samevrópska járnbrautarkerfinu skulu framangreindir skilfletir falla undir eftirfarandi stjórnsýslu- og rekstrarkröfur:

(Á ekki við)

4.3. TILGREIND AFKÖST VIÐHALDSUNDIRKERFISINS

Viðmiðanir um afköst, sem viðhaldsundirkerfið á að uppfylla, svara til afkasta sem tilgreind eru fyrir hvern eftirfarandi flokka spora í samevrópska háhraðajárnbrautakerfinu, eftir því sem við á:

- spor sem lögð eru sérstaklega fyrir mikinn hraða,
- spor sem hafa verið endurbætt sérstaklega fyrir mikinn hraða,
- spor sem hafa verið endurbætt sérstaklega fyrir mikinn hraða og hafa sérstaka eiginleika.

Þegar um viðhaldsundirkerfið er að ræða eru kröfur um afköst þau sömu fyrir spor í öllum þessum þremur flokkum.

5. REKSTRARSAMHÆFISHLUTAR

- 5.1. Í samræmi við d-lið 2. gr. tilskipunar 96/48/EB eru rekstrarsamhæfishlutar: „einstakir íhlutir, hópar íhluta, undirsamstæður eða heilar samstæður búnaðar sem felldar eru eða fyrirhugað er að fella inn í undirkerfi sem rekstrarsamhæfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins er beint eða óbeint háð.“
- 5.2. Rekstrarsamhæfishlutarnir heyra undir viðeigandi ákvæði tilskipunar 96/48/EB og eru, að því er varðar þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, sem hér segir:
 - kerfi til að tæma salerni: tengingar,
 - búnaður til að þrifa vagnalestir að innan: rafmagnstenglar,
 - búnaður til vatns- og sandáfyllingar: breytistykki fyrir vatnsáfyllingu (inntak).
- 5.3. Þessi rekstrarsamhæfishlutar heyra undir forskriftir sem settar eru fram sem kröfur um afköst. Við mat á samræmi og/eða nothæfi er fyrst og fremst tekið mið af kröfum um skilfleti rekstrarsamhæfishluta en aðeins er í undantekningartilvikum vísað til hönnunar eða lýsandi eiginleika.

- 5.3.1. Forskriftir fyrir rekstrarsamhæfishlutann „tengingar við salernistæmingarkerfið“ eru sem hér segir:
- Tengingarnar (3" fyrir tæmingu og 1" fyrir hreinsun) og þéttingar þeirra skulu vera í samræmi við mynd 1 og 2 í IV. viðauka.
- 5.3.2. Einkenni skilflata fyrir rekstrarsamhæfishlutann „tengingar við salernistæmingarkerfið“ eru sem hér segir:
- (Á ekki við)
- 5.3.3. Forskriftir fyrir rekstrarsamhæfishlutann „rafmagnstenglar fyrir búnað til að þrifa vagnalestir að innan“ eru sem hér segir:
- Tenglamir inni í lestinni eiga að vera í samræmi við staðalinn EN 60 309.1 og uppfylla kröfur um mál á bls. 22 í staðlinum EN 60 309.2 (tveir pólur og jarðtenging) og kröfurnar sem tilgreindar eru í liðum 8.3.1 og 8.3.1.1 í staðlinum EN 50 153.
- 5.3.4. Eiginleikar skilflata fyrir rekstrarsamhæfishlutann „rafmagnstenglar fyrir búnað til að þrifa vagnalestir að innan“ eru sem hér segir:
- (Á ekki við)

Ef vísað er, í forskriftum fyrir rekstrarsamhæfishlutann „rafmagnstenglar fyrir búnað til að þrifa vagnalestir að innan“, til evrópskra forskrifta sem evrópsku staðlastofnanirnar CEN, CENELEC og ETSI hafa samið samkvæmt umboði framkvæmdastjórnarinnar eiga þessar síðarnefndu forskriftir einnig að hafa verið samdar miðað við afköst og aðeins í undantekningartilvikum sem lýsandi fyrir mæli.

Viðeigandi, evrópskar forskriftir eru:

- staðallinn EN 60 309.1,
 - staðallinn EN 60.309.2 (bls. 22),
 - staðallinn EN 50 153 (liðir 8.3.1 og 8.3.1.1),
 - tilskipun 98/83/EB (gæði vatns).
- 5.3.5. Forskriftir fyrir rekstrarsamhæfishlutann „breytistykki fyrir vatnsáfyllingu“ eru sem hér segir:
- Breytistykki fyrir vatnsáfyllingu skulu vera eins og sýnt er á mynd 3 í V. viðauka.
- 5.3.6. Eiginleikar skilflata fyrir rekstrarsamhæfishlutann „breytistykki fyrir vatnsáfyllingu“ eru sem hér segir:
- (Á ekki við)

6. MAT Á SAMRÆMI OG/EDA NOTHÆFI

- 6.1. REKSTRARSAMHÆFISHLUTAR
- 6.1.1. **Aðferðir við samræmistat (aðferðareiningar)**

Við mat á samræmi rekstrarsamhæfishluta skv. 5. kafla þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi skal nota aðferðareiningarnar sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Aðferðir við mat á samræmi, lýsingar á prófunaraðferðum fyrir rekstrarsamhæfishlutana „tengingar við salernistæmingarkerfið“, „búnað til að þrifa vagnalestir að innan (rafmagnstenglar)“ og „breytistykki fyrir vatnsáfyllingu“ samkvæmt skilgreiningu í 5. kafla þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi eru tilgreindar í töflum II.1, II.2 og II.3 í II. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Að því marki sem þess er krafist samkvæmt aðferðareiningunum, sem tilgreindar eru í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, skal tilkynntur aðili, ef svo er tilgreint í matsaðferðinni, sem fengið hefur umsókn frá framleiðanda eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins, meta samræmi rekstrarsamhæfishlutans.

Framleiðandi rekstrarsamhæfishluta eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan bandalagsins skal semja EB-yfirlýsingu um samræmi, í samræmi við 1. mgr. 13. gr. og 3. kafla IV. viðauka við tilskipun 96/48/EB, áður en hann setur rekstrarsamhæfishlutann á markað. Ekki er þörf á EB-yfirlýsingu um nothæfi fyrir rekstrarsamhæfishluta viðhaldsundirkerfisins.

6.1.2. Notkun aðferðareininga

Samræmismat

Við mat á hverjum rekstrarsamhæfishluta viðhaldsundirkerfisins skal framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins beita aðferðinni við innra framleiðslueftirlit (aðferðareining A) sem tilgreind er í lið III.1 í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Skilgreining á matsaðferðum

Matsaðferðirnar eru skilgreindar í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Samræmismatið nær yfir þrepin og einkennin sem merkt eru með „X“ í töflu II.1, II.2 og II.3 í II. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

6.2. VIÐHALDSUNDIRKERFIÐ

6.2.1. Aðferðir við samræmismat (aðferðareiningar)

Tilkynnti aðilinn vinnur EB-sannprófun, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins, í samræmi við 1. mgr. 18. gr. og VI. viðauka við tilskipun 96/48/EB og í samræmi við ákvæði viðeigandi aðferðareininga skv. III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Ef úrskurðaraðilinn getur sýnt fram á að niðurstöður prófana eða sannprófana, sem fram hafa farið vegna fyrri umsókna, séu enn í gildi fyrir nýju umsóknina skal tilkynnti aðilinn taka niðurstöðurnar til greina í samræmismatinu.

Í töflu II.4 í II. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi eru settar fram matsaðferðir fyrir EB-sannprófun viðhaldsundirkerfa, skrá yfir forskriftir og lýsingar á prófunaraðferðum.

Að því marki, sem tilgreint er í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, skal við EB-sannprófun á viðhaldsundirkerfinu taka tillit til skilflata þess við önnur undirkerfi samevrópska háhraðajámbrauta-kerfisins.

Úrskurðaraðilinn skal semja EB-yfirlýsingu um sannprófun fyrir viðhaldsundirkerfið í samræmi við 1. mgr. 18. gr. og V. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

6.2.2. Notkun aðferðareininga

6.2.2.1. Föst mannvirki

Við sannprófun viðhaldsundirkerfisins (föst mannvirki) getur úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins valið annaðhvort:

- aðferð með sannprófun eininga (aðferðareining SG) sem tilgreind er í lið III.5 í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, eða
- aðferð með fullri gæðatryggingu með hönnunarprófun (aðferðareining SH2) sem tilgreind er í lið III.6 í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

Einungis er heimilt að velja aðferðareininguna SH2 ef öll starfsemi, sem varðar undirkerfið sem á að sannprófa (hönnun, framleiðsla, samsetning, uppsetning), fellur undir gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu, lokaskoðun og -prófun vöru sem tilkynntur aðili hefur samþykkt og kannað.

Matið nær yfir þrepin og eiginleikana sem merktir eru í töflu II.4 í II. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

6.2.2.2. *Búnaður um borð*

Við sannprófun viðhaldsundirkerfisins (búnaður um borð) getur úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu innan Bandalagsins valið annaðhvort:

- aðferð með gerðarprófun (aðferðareining SB), sem tilgreind er í III. viðauka (lið III.2) við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi fyrir hönnunar- og þróunarþrep, ásamt:
- annaðhvort aðferðinni með gæðatryggingu framleiðslunnar (aðferðareining SD), sem tilgreind er í lið III.3 í III. viðauka,
- eða aðferðinni með sannprófun vörunnar (aðferðareining SF), sem tilgreind er í lið III.4 í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, fyrir framleiðsluþrep, eða
- aðferð með fullri gæðatryggingu og hönnunarprófun (aðferðareining SH2), sem tilgreind er í lið III.6 í III. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi, fyrir öll þrep.

Einungis er heimilt að velja aðferðareininguna SD ef öll starfsemi, sem varðar undirkerfið sem á að sannprófa (framleiðsla, samsetning, uppsetning), fellur undir gæðakerfi fyrir framleiðslu og lokaskoðun og -prófun vöru sem tilkynntur aðili hefur samþykkt og kannað.

Einungis er heimilt að velja aðferðareininguna SH2 ef öll starfsemi, sem varðar undirkerfið sem á að sannprófa (hönnun, framleiðsla, samsetning, uppsetning), fellur undir gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og lokaskoðun og -prófun vöru sem tilkynntur aðili hefur samþykkt og kannað.

Matið nær yfir þrep og eiginleikana sem tilgreindir eru í töflu II.5 í II. viðauka við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

7. FRAMKVÆMD TÆKNIFORSKRIFTAR UM REKSTRARSAMHÆFI VIÐHALDSUNDIRKERFISINS

7.1. MÁLSMEÐFERÐ VIÐ FRAMKVÆMD OG TÍMASETNING

7.1.1. **Málsmeðferð**

Framkvæmd forskrifa um viðhaldsbúnað skiptist í eftirfarandi, almenn þrep:

1. þrep:

Bæði stjórnandi grunnvirkjanna og járnbrautarfyrirtækið kanna leiðaskrána fyrir járnbrautarvagnana.

2. þrep:

Bæði stjórnandi grunnvirkjanna og járnbrautarfyrirtækið vinna hagkvæmnikönnun og á grundvelli hennar má breyta upprunalegu leiðaskránni.

7.1.2. **Tímasetning:**

Vegna:

- tímans, sem þarf til að byggja eða breyta fóstum mannvirkjum og koma færanlegu salernis-tæmingarvögnunum fyrir,
- þeirrar meginreglu að samræmi við kröfur um rekstrarsamhæfi þeirra föstu mannvirkja, sem fyrir eru, er því aðeins mögulegt ef það er hluti af langtímaáætlunum um endurbætur og viðgerðir,

verða stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið að semja um tímasetninguna sín á milli.

Einkum gildir að ef járnbrautarfyrirtækið óskar eftir því að hefja starfrækslu á rekstrarsamhæftri leið innan tímamarka sem eru ekki í samræmi við þessar skorður skulu stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið semja um bráðabirgðalausnir (t.d. tímabundnar leiðaskrár fyrir járnbrautarvagnana).

7.1.3. Notkun viðhaldsbúnaðar (spor í öllum flokkum)**7.1.3.1. Geymsluspor**

Fyrsta þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið skoða í sameiningu leiðaskrána fyrir járnbrautarvagnana, sem járnbrautarfyrirtækið gerir tillögu að, og tilgreina þá hluta rekstrarsamhæfða kerfisins á leiðinni, sem er til skoðunar, þar sem geyma þarf vagnalestina (samkvæmt þessari leiðaskrá) og þar sem ekki eru geymsluspor (eða ekki nóg af geymslusporum) sem uppfylla kröfur samkvæmt tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Annað þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið vinna í sameiningu hagkvæmnikönnun sem kann að leiða til breytinga á leiðaskránni fyrir járnbrautarvagnana. Með þessum breytingum, sem varða fjölda og/eða ákvörðun geymslusvæða fyrir vagnalestir, er lágmarkaður fjöldi nýrra geymsluspora (sem samræmast tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi) sem leggja þarf og einnig fjöldi fyrirbyggjandi geymsluspora sem samræma þarf við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

7.1.3.2. Vatnsáfyllingarbúnaður

Fyrsta þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið skoða í sameiningu leiðaskrána fyrir járnbrautarvagnana, sem járnbrautarfyrirtækið gerir tillögu að, og tilgreina þá hluta rekstrarsamhæfða kerfisins á leiðinni, sem er til skoðunar, þar sem setja þarf vatn á vagnalestirnar (samkvæmt þessari leiðaskrá) og þar sem ekki er vatnsáfyllingarbúnaður (eða ónógur búnaður) sem uppfyllir kröfur samkvæmt tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Annað þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið vinna í sameiningu hagkvæmnikönnun sem kann að leiða til breytinga á leiðaskránni fyrir járnbrautarvagnana. Með þessum breytingum, sem varða fjölda og/eða ákvörðun svæða þar sem vatn skal sett á vagnalestirnar, er lágmarkaður sá nýi vatnsáfyllingarbúnaður (sem samræmist tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi), sem smíða þarf, og einnig fyrirbyggjandi vatnsáfyllingarbúnaður sem samræma þarf við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.

7.1.3.3. Færanlegur salernistæmingarvagn

Fyrsta þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið skoða í sameiningu leiðaskrána fyrir járnbrautarvagnana, sem járnbrautarfyrirtækið gerir tillögu að, og tilgreina þá hluta rekstrarsamhæfða kerfisins á leiðinni, sem er til skoðunar, þar sem mögulegt ætti að vera (samkvæmt þessari leiðaskrá) að tæma salerni vagnalestarinnar og þar sem ekki er fastur búnaður (eða ekki er nóg af honum) fyrir tæmingu salerna til að unnt sé að vinna það verk í þessum vagnalestum.

Annað þrep: stjórnandi grunnvirkja og járnbrautarfyrirtækið vinna í sameiningu hagkvæmnikönnun sem leiðir til breytinga á leiðaskránni fyrir járnbrautarvagnana. Með þessum breytingum, sem varða fjölda og/eða ákvörðun svæða þar sem unnt verður að tæma salerni vagnalestarinnar eftir þörfum, er lágmarkaður fjöldi færanlegra salernistæmingarvagna (sem samræmast tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi viðhaldskerfisins) sem koma verður fyrir á þessum svæðum.

7.2. SÉRSTÖK TILVIK: ATRÍÐI VARÐANDI BEITINGU

(Engin)

7.3. TILMÆLI

Til að bæta stöðugt gæði vatns í háhraðaökutækjum er mælt með því að sá búnaður, sem fjallað er um í lið 4.2.2.2.4, sé starfræktur á þann hátt að gæði vatnsins, sem sett er á ökutækin, séu í samræmi við tilskipun 98/83/EB. Í því tilviki skal meðhöndla þann búnað, sem er ekki fastur, þ.e. slöngur og stúta, með varkárni til að gæði vatnsins haldist.

I. VIÐAUKI

SÉRSTAKAR AÐSTÆÐUR

Eins og tilgreint er í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skulu varakerfín, sem eru felld inn í háhraðavagnalestir í hönnunaráfanganum, gera það mögulegt að láta fyrirbyggjandi viðhald og viðgerðir fara að mestu leyti fram á tilgreindum viðhaldsstöðvum fyrir járnbrautarvagna.

Þó geta ákveðnar tegundir tjóns, sjá dæmin hér á eftir, leitt til:

- að aka þarf járnbrautarvögnunum við ófullkomnar rekstraraðstæður og til rekstrartakmarkana (hraðatakmarkana, kyrrsetningu lestarvagna o.fl.),
- eða til þess að gera þarf við þá á endastöðinni.

Þar eð mikilvægt er, af fjárhagslegum ástæðum, að ekki þurfi sérbúnað á hverja endastöð eða að binda þurfi birgðir varahluta, sem sjaldan þarf að grípa til, og í ljósi þess að erfitt er að halda starfsfólk sem hefur hlotið þjálfun fyrir margar gerðir járnbrautarvagna skulu viðgerðir fara fram í samræmi við eftirfarandi fjórar fyrirmyndir:

- grunnviðgerðir sem lestarstarfsfólk getur annast án nokkurrar sérhæfðrar þekkingar á gerð viðkomandi járnbrautarvagns,
- viðgerðir sem fara fram með hjálp í gegnum síma frá sérfræðingi á heimastöð,
- viðgerðir sem unnar eru af hópi frá heimastöðinni sem er sendur strax á staðinn,
- bilaði íhlutinn er frátengdur og vagnalestin er tekin úr atvinnurekstri og ekið til baka til heimastöðvar.

Sérstök rekstrarskilyrði vegna ófullkominna rekstraraðstæðna eða í kjölfar bráðabirgðaviðgerða skal samþykkja í hverju tilviki um sig og með hliðsjón af sérstökum eiginleikum járnbrautarvagnanna og reglum eða reglugerðum um lestarstarfsemi í umflutningslöndunum (krafist er tvíhliða samninga).

Dæmi um hugsanlegt tjón:

- merki um slit á hjólum,
- heit öxulhús,
- fastur öxull,
- fastar inngönguhurðir,
- bilun í loftræstibúnaði,
- brotnar rúður,
- biluð straumsnerta,
- salerni óvirk,
- bilun í stjórmbúnaði lestar (TVM, LZB, RS 4 kóðar),
- biluð flauta eða aðalljósker,
- bilun í fjöðrunarbúnaði,
- bilun í hjólasamstæðu,
- bilun í höggdeyfum,
- biluð tengsli,
- bilun í aflagjafa vagnalestar,
- bilun í ljósabúnaði,
- ...

II. VIÐAUKI

SAMRÆMISMAT

MAT Á REKSTRARSAMHÆFISHLUTUM

II.1 Gildissvið

Í þessum viðauka er tilgreint mat á samræmi rekstrarsamhæfisluta: tengingum við salernistæmingarkerfið, búnaði til að þrifa vagnalestina að innan (rafmagnstenglar) og breytistykki fyrir vatnsáfyllingarkerfið í viðhaldsundirkerfinu.

II.2 Lýsing

Eiginleikar rekstrarsamhæfislutanna, sem meta skal á mismunandi þrepum hönnunar og framleiðslu, eru merktir með „X“ í töflu II.1, töflu II.2 og töflu II.3.

Tafla II.1

Mat á rekstrarsamhæfisluta: tengingar við salernistæmingarkerfið

1		2	3	4	5	6
Eiginleikar sem meta skal		Mat á eftirfarandi þrepi				
		Hönnunar- og þróunarþrep				Framleiðsluþrep (raðframleiðsla)
Eiginleiki	Liður	Hönnunaráthugun	Athugun á framleiðsluferli	Gerðarprófun	Reynsla af notkun	
Gerð og mál	5.3.1	X	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	X

Tafla II.2

Mat á rekstrarsamhæfisluta: búnaður til að þrifa vagnalestina að innan (rafmagnstenglar)

1		2	3	4	5	6
Eiginleiki sem meta skal		Mat á eftirfarandi þrepi				
		Hönnunar- og þróunarþrep				Framleiðsluþrep (raðframleiðsla)
Eiginleiki	Liður	Hönnunaráthugun	Athugun á framleiðsluferli	Gerðarprófun	Reynsla af notkun	
Gerð og mál	5.3.3	X	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	X

Tafla II.3

Mat á rekstrarsamhæfisluta: breytistykki fyrir vatnsáfyllingu

1		2	3	4	5	6
Eiginleiki sem meta skal		Mat á eftirfarandi þrepi				
		Hönnunar- og þróunarþrep				Framleiðsluþrep (raðframleiðsla)
Eiginleiki	Liður	Hönnunaráthugun	Athugun á framleiðsluferli	Gerðarprófun	Reynsla af notkun	
Gerð og mál	5.3.5	X	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	X

MAT Á VIÐHALDSUNDIRKERFINU

II.3. Gildissvið

Í þessum viðauka er tilgreint mat á samræmi viðhaldsundirkerfisins.

II.4. Lýsing

Eiginleikar undirkerfisins, sem meta skal á mismunandi þrepum hönnunar, uppsetningar og rekstrar, eru merktir með „X“ í töflu II.4 (fyrir föst mannvirki) og II.5 (fyrir búnað um borð).

Tafla II.4

Mat á viðhaldsundirkerfinu (föst mannvirki)

1		2	3	4	5
Eiginleikar sem meta skal		Mat á eftirfarandi þrepi			
		Hönnunar- og þróunarþrep	Framleiðsluþrep		
Eiginleiki	Liður	Hönnunarthugun	Smíði, samsetning, uppsetning	Sett saman áður en notkun hefst	Fullgilding miðað við fullan rekstur
<i>Þvottavél</i>					
Hreingerningarhæð	4.2.2.2.1	X	Á ekki við	Á ekki við	X
Hraði	4.2.2.2.1	X	Á ekki við	Á ekki við	X
<i>Færanlegt tæmingarkerfi</i>					
Verkunarmáti	4.2.2.2.2	X	Á ekki við	Á ekki við	X
Þrýstingur	4.2.2.2.2	X	Á ekki við	Á ekki við	X
Samhæfing við salerni um borð	4.2.2.2.2	X	Á ekki við	Á ekki við	X
<i>Geymsluspor</i>					
Lengd og lögun		X	Á ekki við	Á ekki við	X
<i>Vatns- og sandáyllingarbúnaður</i>					
Gæði vatns	4.2.2.2.4	X	Á ekki við	Á ekki við	X
Tiltækileiki sands	4.2.2.2.5	X	Á ekki við	Á ekki við	X
Gæði sands	4.2.2.2.5	X	Á ekki við	Á ekki við	X

Tafla II.5

Mat á viðhaldsundirkerfinu (búnaður um borð)

1		2	3	4
Eiginleikar sem meta skal		Aðferðareining fyrir mat á eftirfarandi þrepi		
Eiginleiki	Liður	Hönnunar- og þróunarþrep	Framleiðsluþrep	
<i>Tæming salernis</i>				
Tæknibúnaður fyrir salerni vagnalestar sem gerir kleift að tæma þau á þriggja daga fresti	4.2.2.2.2	X	Á ekki við	Á ekki við
<i>Aflgjafi fyrir þrif inni í lest</i>				
Aflgjafi — Spenna	4.2.2.2.3	X	X	Á ekki við
Tiltækileiki rafmagnstengla	4.2.2.2.3	X	Á ekki við	Á ekki við
Bil milli tengla	4.2.2.2.3	X	Á ekki við	Á ekki við
<i>Vagnalestar í biðstöðu</i>				
Hávaðamörk í kyrrstöðu	4.2.2.2.6	X	X	Á ekki við
Möguleiki á geymslu án áhafnar og með varaafgjafa til reiðu	4.2.2.2.6	X	Á ekki við	Á ekki við
Stöðuhemill	4.2.2.2.6	X	Á ekki við	Á ekki við

III. VIÐAUKI

ADFERÐIR VIÐ SAMRÆMISMAT (ADFERÐAREININGAR)

III.1. Aðferðareining A (innra framleiðslueftirlit)

Mat á samræmi rekstrarsamhæfishluta

1. Í þessari aðferðareiningu er því lýst hvernig framleiðandi sér til þess að viðkomandi íhlutur, sem hefur fengið vottorð eins og um getur í 2. lið, sé í samræmi við þær kröfur þessarar tilskipunar sem við hann eiga og gefur yfirlýsingu þar að lútandi. Í þessari aðferðareiningu er lýst með hvaða aðferð framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu, sem rækir þær skyldur sem mælt er fyrir um í 2. lið, tryggir að rekstrarsamhæfishlutinn uppfylli þær kröfur í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi sem við hann eiga og gefur yfirlýsingu þar að lútandi.
2. Framleiðandi skal útbúa tækniskjölín sem lýst er í 3. lið.
3. Tækniskjölín skulu gera það kleift að meta samræmi rekstrarsamhæfishlutans við kröfur þessarar tækniforskriftar um rekstrarsamhæfi. Þau skulu, eftir því sem þörf er á fyrir slíkt mat, ná til hönnunar, framleiðslu og reksturs rekstrarsamhæfishlutans. Eftir því sem þörf er á því fyrir slíkt mat skulu skjölín innihalda:
 - almenna lýsingu á rekstrarsamhæfishlutanum,
 - frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undirsamstæðum, hringrásum o.s.frv.,
 - lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvernig rekstrarsamhæfishlutinn vinnur,
 - skrá yfir tækniforskriftir (viðeigandi tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og/eða evrópskar forskriftir með viðeigandi ákvæðum sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi) sem eru notaðar að fullu eða að hluta,
 - lýsingar á þeim lausnum sem hafa verið samþykktar til að uppfylla kröfurnar í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi þegar evrópsku forskriftirnar, sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, hafa ekki verið notaðar að fullu,
 - niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana sem hafa verið gerðar o.s.frv.,
 - prófunarskýrslur.
4. Framleiðandinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir í því skyni að framleiðsluferlið tryggi samræmi rekstrarsamhæfishlutans, sem framleiddur er, við tækniskjölín, sem um getur í 2. lið, og við þær kröfur í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi sem við hann eiga.
5. Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal gefa út skriflega samræmisyfirlýsingu. Þessi yfirlýsing skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. lið IV. viðauka við tilskipun 96/48/EB og í 3. mgr. 13. gr. hennar. EB-samræmisyfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð.

Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölín og í henni þarf eftirfarandi að koma fram:

- tilvísun í tilskipun (tilskipun 96/48/EB og aðrar tilskipanir sem rekstrarsamhæfishlutinn kann að heyrna undir),
- nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins (gefa skal upp viðskiptaheiti og fullt heimilisfang en ef um viðurkenndan fulltrúa er að ræða skal einnig gefa upp viðskiptaheiti framleiðanda eða þess sem annast smíðina),
- lýsing á rekstrarsamhæfishlutanum (tegund, gerð o.s.frv.),
- lýsing á aðferðinni (aðferðareiningunni) sem notuð er til að lýsa yfir samræmi,
- allar lýsingar sem eiga við rekstrarsamhæfishlutann, einkum notkunarskýrðin,
- tilvísun í þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og, eftir því sem við á, viðeigandi tilvísun í evrópskar forskriftir,
- deili á undirritunaraðilanum sem fengið hefur umboð til að skuldbinda framleiðandann eða viðurkenndan fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins.

6. Framleiðandinn eða viðurkenndur fulltrúi hans skal geyma afrit af EB-samræmisyfirlýsingunni með tækniskjölunum í minnst 10 ár eftir að síðasta eintak íhlutarins hefur verið framleitt.

Hafi hvorki framleiðandi né viðurkenndur fulltrúi hans staðfestu í Bandalaginu ber sá sem setur rekstrarsamhæfishlutann á markað í Bandalaginu ábyrgð á því að tækniskjölin liggi fyrir.

7. Ef til viðbótar við EB-yfirlýsingu um samræmi er krafist EB-yfirlýsingar um nothæfi rekstrarsamhæfishlutans í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skal þessari yfirlýsingu bætt við þegar framleiðandi hefur gefið hana út í samræmi við skilyrðin í V. aðferðareiningu.

III.2. AÐFERÐAREINING SB (EB-gerðarprófun)

EB-sannprófun viðhaldsundirkerfisins

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst þeim hluta af aðferðinni við EB-sannprófun sem tilkynntur aðili notar við að athuga og staðfesta, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins, að viðhaldsundirkerfisgerð, sem er lýsandi fyrir fyrirhugaða framleiðslu, sé

— í samræmi við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og aðrar viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi sem sýna að grunnkröfum í tilskipun 96/48/EB hefur verið fullnægt,

— í samræmi við aðrar reglur sem leiddar eru af sáttmálanum.

2. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-sannprófun undirkerfisins (með aðferðinni fyrir gerðarprófun) hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

— nafn og heimilisfang úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans,

— tækniskjöl eins og lýst er í 3. lið.

3. Umsækjandinn skal hafa tiltækt fyrir tilkynnta aðilann eintak af undirkerfinu, sem er dæmigert fyrir þá framleiðslu sem um er að ræða, hér á eftir nefnt „gerð“.

Til gerðar má telja nokkrar útgáfur af undirkerfinu, að því tilskildu að munurinn á þeim hafi ekki áhrif á ákvæði tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi.

Tilkynnti aðilinn getur farið fram á að fá fleiri eintök sé þess þörf til að gera fyrirhugaðar prófanir.

Sé þörf á því fyrir tiltekna prófunar- eða rannsóknaraðferðir og sé það tilgreint í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi eða evrópsku forskriftunum sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB skal afhenda eintak eða eintök af undirsamstæðum eða heilum samstæðum eða eintak af undirkerfinu ósamsettu.

Tækniskjölin skulu gera það kleift að skilningur fái á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og rekstri undirkerfisins og að meta hvort gætt hafi verið samræmis við ákvæði tilskipunar 96/48/EB og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi. Þau skulu, eftir því sem þörf er á fyrir slíkt mat, ná til hönnunar, framleiðslu og rekstrar undirkerfisins.

Þau skulu innihalda:

— almenna lýsingu á undirkerfinu, heildarhönnun þess og skipulagi,

— frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af íhlutum, undirsamstæðum eða heilum samstæðum, hringrásum o.s.frv.,

— lýsingar og skýringar sem eru nauðsynlegar til að skilja umræddar teikningar og myndir og átta sig á því hvornig varan vinnur,

— tæknilegar hönnunarforskriftir, þ.m.t. evrópskar forskriftir, sem hafa verið notaðar,

— nauðsynleg gögn til að sanna að þau séu fullnægjandi, einkum ef evrópsku forskriftirnar, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB, og viðeigandi ákvæði hafa ekki verið notuð að fullu,

— skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,

- tækniskjöl er varða framleiðslu og samsetningu undirkerfisins,
- skrá yfir framleiðendur sem eiga hlut að hönnun, framleiðslu, samsetningu og uppsetningu undirkerfisins,
- skilyrðin fyrir notkun og viðhaldi undirkerfisins (takmarkanir á gangtíma eða akstursvegalengd, slitmörk o.fl.),
- skrá yfir evrópsku forskriftirnar sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB eða í tæknilegu hönnunarforskriftinni,
- niðurstöður hönnunarútreikninga, athugana, sem hafa verið gerðar, o.s.frv.,
- prófunarskýrslur.

Sé þess krafist í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi að tækniskjölin innihaldi frekari upplýsingar skulu þær fylgja með.

4. Tilkynti aðilinn skal:
 - 4.1. athuga tækniskjölin,
 - 4.2. ef krafist er athugunar á hönnuninni í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, rannsaka hönnunaraðferðir, hönnunarverkfæri og hönnunarniðurstöður til að meta hvort þessir þættir geti uppfyllt kröfur um samræmi undirkerfisins við lok hönnunarferlisins,
 - 4.3. ef krafist er gerðarprófana samkvæmt tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, sannprófa að það eða þau eintök af undirkerfinu eða samstæðum eða undirsamstæðum undirkerfisins, sem þörf er á vegna gerðarprófananna, hafi verið framleidd í samræmi við tækniskjölin og framkvæma eða láta framkvæma gerðarprófanirnar í samræmi við ákvæði tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi og viðeigandi, evrópskra forskrifa,
 - 4.4. tilgreina þá þætti, sem hafa verið hannaðir í samræmi við viðeigandi ákvæði í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi og evrópsku forskriftunum, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB, og einnig hvaða þættir hafa verið hannaðir án þess að viðeigandi ákvæðum þessara evrópsku forskrifa hafi verið beitt,
 - 4.5. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir í samræmi við liði 4.2 og 4.3 til að kanna, þegar sú leið hefur verið valin að nota viðeigandi, evrópskar forskriftir, hvort þær hafi í raun verið notaðar,
 - 4.6. gera eða láta gera viðeigandi athuganir og nauðsynlegar prófanir í samræmi við liði 4.2 og 4.3 til að kanna, þegar úrskurðaraðilinn eða framleiðandi (framleiðendur) hefur kosið að nota viðeigandi, evrópskar forskriftir, hvort þær hafi í raun verið notaðar,
 - 4.7. semja við umsækjandann um hvar athuganir og nauðsynlegar prófanir skuli fara fram.
5. Uppfylli gerðin ákvæði tilskipunar 96/48/EB og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi skal tilkynti aðilinn gefa út vottorð um EB-gerðarprófun til handa umsækjandanum. Vottorðið skal innihalda nafn og heimilisfang úrskurðaraðila og framleiðandans (framleiðendanna), niðurstöður athugunarinnar, gildisskilyrði vottorðsins og nauðsynlegar upplýsingar til að bera kennsl á þá gerð sem hefur verið samþykkt.

Gildistími skal ekki vera lengri en þrjú ár.

Skrá yfir þau tækniskjöl, sem við eiga, skal fylgja sem viðauki við vottorðið og skal tilkynti aðilinn geyma afrit af henni.

Ef umsókn úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu um vottorð um gerðarprófun er hafnað skal tilkynti aðilinn gera ítarlega grein fyrir ástæðum þess.

Kveða skal á um málsmeðferð við áfrýjun.

6. Umsækjandinn skal upplýsa tilkynta aðilann, sem geymir tækniskjölin er varða EB-gerðarprófunarvottorðið, um allar breytingar á hinu samþykta undirkerfi sem þarfnast viðbótarsamþykkis ef þessar breytingar geta haft áhrif á samræmi við kröfur samkvæmt tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi eða notkunarskilyrði sem mælt er fyrir um vegna undirkerfisins. Þetta viðbótarsamþykki er gefið sem viðbót við upphaflega EB-gerðarprófunarvottorðið en að öðrum kosti er nýtt viðbótarvottorð gefið út þegar fyrir vottorðið hefur verið afturkallað.

7. Hafi engar breytingar átt sér stað skv. 6. lið er unnt, þegar gildistími vottorðs rennur út, að framlengja gildistíma vottorðsins. Umsækjandi sækir um þessa framlengingu með skriflegri staðfestingu á að engar slíkar breytingar hafi átt sér stað og tilkynnti aðilinn framlengir gildistímann skv. 5. lið ef engar upplýsingar eru fyrir hendi því til fyrirstöðu. Þessa málsmeðferð má endurtaka.
8. Allir tilkynntir aðilar skulu senda öðrum tilkynntum aðilum viðeigandi upplýsingar um EB-gerðarprófunarvottorð, sem þeir hafa afturkallað, eða um tilvik þar sem umsókn um vottorð var hafnað.
9. Aðrir tilkynntir aðilar geta fengið afrit af gerðarprófunarvottorðum, sem gefin eru út, og/eða viðbótum við þau óski þeir eftir því. Viðaukarnir við vottorðin skulu vera tiltækir öðrum tilkynntum aðilum.
10. Úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í bandalaginu skal geyma afrit af EB-gerðarprófunarvottorðum og viðbætur við þau með tækniskjölunum allan endingartíma undirkerfisins og senda þeim aðildarríkjum sem þess óska.

III.3. Aðferðareining SD (gæðatrygging í framleiðslu)

EB-sannprófun viðhaldsundirkerfisins

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst EB-sannprófunaraðferð sem tilkynntur aðili notar við að athuga og staðfesta, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan bandalagsins, að viðhaldsundirkerfi, sem tilkynntur aðili hefur þegar veitt EB-gerðarprófunarvottorð, sé
 - í samræmi við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og aðrar viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi sem sýna að grunnkröfum í tilskipun 96/48/EB hefur verið fullnægt,
 - í samræmi við aðrar reglur sem leiddar eru af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.

Tilkynnti aðilinn beitir þessari aðferð með því skilyrði að hlutaðeigandi úrskurðaraðili og framleiðendur uppfylli skyldur sínar skv. 2. lið.

2. Að því er varðar undirkerfið, sem fellur undir EB-sannprófunaraðferðina, er úrskurðaraðilanum einungis heimilt að gera samninga við framleiðendur ef starfsemi þeirra, sem er þáttur í undirkerfinu, sem á að sannprófa (framleiðsla, samsetning, uppsetning), fellur undir viðurkennt gæðakerfi fyrir framleiðslu og lokaskoðun og -prófun vöru, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

Hugtakið „framleiðandi“, í skilningi þessara ákvæða, tekur einnig til fyrirtækja:

- sem bera ábyrgð á öllu undirkerfisverkinu (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins (aðalverktaki)),
- sem annast samsetningu (samsetningaraðili) og uppsetningu undirkerfisins.

Aðalverktakinn, sem ber ábyrgð á undirkerfisverkinu í heild (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins), skal, hvað sem öðru líður, reka viðurkennt gæðakerfi fyrir framleiðslu og lokaskoðun og -prófun vörunnar, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

Þegar svo háttar til að úrskurðaraðili á beinan hlut að framleiðslu (þ.m.t. samsetningu og uppsetningu) eða þegar úrskurðaraðili ber sjálfur ábyrgð á undirkerfisverkinu í heild (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins) ber honum að reka viðurkennt gæðakerfi fyrir þá starfsemi, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðakerfi

- 3.1. Hlutaðeigandi framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Umsóknin skal innihalda:
 - allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugað undirkerfi,
 - upplýsingaskjöl um gæðakerfið,
 - tækniskjöl um samþykktu gerðina og afrit af gerðarprófunarvottorðinu sem gefið er út að lokinni gerðarprófun samkvæmt aðferðareiningu SB.

Þegar um er að ræða framleiðendur sem eiga aðeins þátt í hluta undirkerfisverksins er einungis óskað upplýsinga varðandi þann hluta.

- 3.2. Þegar um aðalverktakann er að ræða skal gæðakerfið tryggja að undirkerfið í heild sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli í heild kröfurnar í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi. Þegar um aðra framleiðendur (undirbirgja) er að ræða verður gæðakerfið að tryggja að viðeigandi framlag þeirra til undirkerfisins sé í samræmi við þá gerð sem er lýst í gerðarprófunarvottorðinu og uppfylli kröfurnar í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem umsækjandi hefur tekið tillit til, skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi upplýsingaskjöl um gæðakerfið eiga að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á eftirfarandi atriðum:

að því er varðar alla umsækjendur:

- gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi,
- samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
- þeim rannsóknnum, athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, samsetningu og uppsetningu og hversu oft þær verða gerðar,
- gæðaskýrslum, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsfólksins o.s.frv.,

og að því er varðar aðalverktakann:

- ábyrgð og heimildum stjórnar með tilliti til heildargæða undirkerfisins, einkum stjórnunar á samþættingu undirkerfisins.

Rannsóknir, prófanir og eftirlit skulu ná yfir eftirfarandi áfanga:

- skipulag undirkerfisins, þ.m.t. einkum mannvirkjagerð, samsetning hluta og lokastilling,
- lokaprófun undirkerfisins,
- og, ef svo er tilgreint í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, fullgildingu miðað við fullan rekstur.

- 3.3. Tilkynnti aðilinn, sem um getur í lið 3.1, skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægir kröfunum sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir því að kröfurnar séu uppfylltar ef viðeigandi, samhæfður staðall er notaður í gæðakerfinu. Þessi samhæfði staðall á að vera EN ISO 9001 frá desember 2000 sem gengið er þannig frá, ef þörf krefur, að tekið sé tillit til séreiginleika undirkerfisins þar sem hann er notaður.

Úttektin skal miðuð sérstaklega við viðkomandi undirkerfi og taka skal tillit til sérframlags umsækjanda til undirkerfisins. Í úttektarhópnum skal vera a.m.k. einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri undirkerfistækni sem um er að ræða. Hluti af matinu skal vera vitjun á athafnasvæði umsækjanda.

Ákvörðunin skal tilkynnt umsækjanda. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

- 3.4. Framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur þeim á herðar og til að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Þeir skulu upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfið, um allar fyrirhugaðar uppfærslur á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar, sem lagðar eru til, og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna umsækjanda ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4. Eftirlit með gæðakerfinu eða -kerfunum sem tilkynnti aðilinn eða aðilarnir bera ábyrgð á.

- 4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfið leggur þeim á herðar.
- 4.2. Tilkynti aðilinn, sem um getur í lið 3.1, skal ætíð hafa aðgang í eftirlitsskyni að byggingarsvæðum, framleiðsluverkstæðum, samsetningar- og uppsetningarstöðum, geymslusvæðum og, ef við á, stöðum, þar sem smíðaðar eru tilbúnaðar einingar, og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að hafa aðgang að til að vinna verk sitt í samræmi við sérframlag umsækjanda til undirkerfisins.
- 4.3. Framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, eða viðurkenndur fulltrúi úrskurðaraðila með staðfestu innan bandalagsins skulu senda tilkynnta aðilanum, sem um getur í lið 3.1, eða láta senda honum öll skjöl sem hann þarf til þess, einkum framkvæmdaáætlanir og tæknileg gögn um undirkerfið (svo fremi að það skipti máli með tilliti til sérframlags umsækjanda til undirkerfisins), einkum:
 - upplýsingaskjöl um gæðakerfið, þ.m.t. þær sérstöku ráðstafanir sem hafa verið gerðar til að tryggja:
 - (að því er varðar aðalverktakann) að heildarábyrgð og heimildir stjórnar, með tilliti til þess að tryggja samræmi alls undirkerfisins við kröfurnar, séu nægilega vel og réttilega skilgreindar,
 - að gæðakerfum hvers framleiðanda sé stjórnað á réttan hátt til að ná fram samþættingu á undirkerfisgrundvelli,
 - skýrslur um gæði sem kveðið er á um í framleiðsluhluta (þ.m.t. samsetning og uppsetning) gæðakerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.
- 4.4. Tilkynti aðilinn (eða aðilarnir) skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, viðhalda gæðakerfinu og nota það og skal gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

Úttektir skulu gerðar a.m.k. einu sinni á ári og a.m.k. ein úttekt skal gerð á tímabili þegar viðeigandi starfsemi fer fram (framleiðsla, samsetning eða uppsetning) að því er varðar undirkerfið sem fellur undir EB-sannprófunaraðferðina sem nefnd er í 6. lið.
- 4.5. Að auki er tilkynnta aðilanum eða aðilunum heimilt að koma fyrirvaralaust á þau svæði umsækjanda eða umsækjenda sem um getur í lið 4.2. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera heildarúttekt eða hlutaúttekt og gera eða láta gera prófanir til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt ef með þarf. Hann skal afhenda umsækjanda eða umsækjendum skoðunarskýrslu og úttektarskýrslu, hafi úttekt farið fram, og prófunarskýrslu hafi prófun farið fram.
5. Framleiðandi eða framleiðendur og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu, í minnst 10 ár eftir að síðasta undirkerfið hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld:
 - upplýsingaskjölín sem um getur í öðrum undirlíð annarrar undirgreinar í lið 3.1,
 - gögn um þær uppfærslur sem um getur í annarri undirgrein í lið 3.4,
 - þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokaundirgrein liðar 3.4 og í liðum 4.4 og 4.5.
6. EB-sannprófunaraðferð
 - 6.1. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-sannprófun undirkerfisins (með aðferðinni fyrir gæðatryggingu í framleiðslu), þ.m.t. samræmingu á eftirliti með gæðakerfum skv. lið 6.5, hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans í bandalaginu skal tilkynna hlutaðeigandi framleiðendum um valið og umsóknina.
 - 6.2. Umsóknin skal gera það kleift að skilningur fái á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og rekstri undirkerfisins og að meta hvort gætt hafi verið samræmis við kröfurnar í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Hún skal innihalda:

- tækniskjölín varðandi viðurkenndu gerðina, þ.m.t. gerðarprófunarvottorðið, sem gefið var út að lokinni málsmeðferðinni sem skilgreind er í aðferðareiningu SB, ásamt eftirfarandi upplýsingum ef þær eru ekki í tækniskjölunum:
 - tæknilegar hönnunarforskriftir, þ.m.t. evrópskar forskriftir, sem hafa verið notaðar,
 - nauðsynleg gögn til að sanna að þær séu fullnægjandi, einkum ef evrópsku forskriftirnar, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB hafa ekki verið notaðar að fullu. Þessi sönnunargögn skulu innihalda niðurstöður prófana sem viðeigandi rannsóknarstofa framleiðanda hefur gert eða önnur hefur gert á hans vegum,
- tækniskjöl er varða framleiðslu og samsetningu undirkerfisins,
- skrá yfir rekstrarsamhæfisluta sem fella á inn í undirkerfið,
- skrá yfir alla framleiðendur sem eiga hlut að hönnun, framleiðslu, samsetningu og uppsetningu undirkerfisins,
- staðfestingu á að gæðakerfi framleiðenda og/eða hlutaðeigandi úrskurðaraðila nái yfir alla áfangana, sem um getur í lið 3.2, og gögn um skilvirkni þeirra,
- upplýsingar um tilkynnta aðilann (eða aðilana) sem ber ábyrgð á viðurkenningu þessara gæðakerfa og eftirliti með þeim.

6.3. Tilkynnti aðilinn skal rannsaka umsóknina með tilliti til gildis gerðarprófunarinnar og vottorðsins um gerðarprófunina.

6.4. Tilkynnti aðilinn skal því næst kanna hvort samþykki fyrir gæðakerfi eða gæðakerfum umsækjanda eða umsækjanda og eftirlit með þeim nái nægilega vel og með réttum hætti yfir alla áfanga undirkerfisins sem um getur í lokaundirgrein liðar 3.2.

Ef samræmi undirkerfisins við gerðina, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og samræmi undirkerfisins við kröfur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi byggist á fleiri en einu gæðakerfi skal tilkynnti aðilinn rannsaka sérstaklega:

- hvort tengsl og skilfletir milli gæðakerfanna séu skilmerkilega skjalfærð, og
- hvort heildarábyrgð og heimildir stjórnar, að því er varðar aðalverktakann og með tilliti til þess að tryggja samræmi alls undirkerfisins við kröfurnar, séu nægilega vel og réttilega skilgreindar.

6.5. Ef tilkynnti aðilinn, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun, annast ekki eftirlit með viðkomandi gæðakerfi eða gæðakerfum skv. 4. lið skal hann samræma eftirlitsstarfsemi annarra tilkynntra aðila, sem annast það verk, til að tryggja, með tilliti til samþættingar undirkerfisins, að rétt sé farið með stjórnun skilflata milli mismunandi gæðakerfa. Þessi samræming felur í sér rétt tilkynnta aðilans, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun:

- til að fá afhent öll skjöl (um viðurkenningu og eftirlit), sem annar eða aðrir tilkynntir aðilar hafa gefið út,
- til að fylgjast með eftirlitsúttektum skv. lið 4.4,
- til að hefja viðbótarúttektir skv. lið 4.5 á eigin ábyrgð og ásamt öðrum tilkynntum aðila eða aðilum.

6.6. Ef undirkerfið uppfyllir kröfur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skal tilkynnti aðilinn, á grundvelli gerðarprófunar og viðurkenningar og eftirlits með gæðakerfinu eða gæðakerfunum, útbúa vottorð um EB-sannprófun sem ætlað er úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu en hann skal síðan semja EB-yfirlýsingu um sannprófun sem ætluð er eftirlitsyfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem undirkerfið er staðsett og/eða í rekstri.

EB-sannprófunaryfirlýsingin og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölín og í henni skulu a.m.k. koma fram sömu upplýsingar og eru í V. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

6.7. Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tæknimöppu sem þarf að fylgja EB-sannprófunaryfirlýsingunni. Tæknimappan skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 96/48/EB, einkum:

- öll nauðsynleg skjöl sem varða eiginleika undirkerfisins,
 - skrá yfir rekstrarsamhæfisluta sem fella á inn í undirkerfið,
 - afrit af EB-yfirlýsingum um samræmi og, eftir því sem við á, nothæfi sem skulu fylgja fyrrnefndum hlutum skv. 13. gr. tilskipunarinnar ásamt, eftir því sem við á, tilheyrandi skjölum (vottorðum, skjölum um samþykki fyrir gæðakerfinu og eftirlit með því) sem tilkynntir aðilar hafa gefið út á grundvelli tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi,
 - öll atriði sem tengjast skilyrðum fyrir notkun og takmörkunum á notkun,
 - öll atriði sem tengjast fyrirmælum um þjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingar og viðhald,
 - EB-vottorð um gerðarprófun undirkerfisins og meðfylgjandi tækniskjöl,
 - vottorð um EB-sannprófun frá tilkynnta aðilanum, sem um getur í lið 6.5, ásamt tilheyrandi útreikningum sem hann áritar, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði tilskipunar 96/48/EB og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi og, ef við á, fyrirvara sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi. Einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur sem gerðar hafa verið í tengslum við sannprófunina eins og fram kemur í lið 4.4 og einkum í lið 4.5.
7. Öll tilskilin skjöl, sem fylgja vottorðinu um EB-sannprófun, skulu lögð inn hjá úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans til stuðnings vottorðinu um EB-sannprófun, sem tilkynnti aðilinn gaf út, og skulu fylgja EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni sem úrskurðaraðilinn samdi fyrir eftirlitsyfirvaldið.
8. Úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans í Bandalaginu skal geyma afrit af skjölunum allan endingartíma undirkerfisins og senda þeim aðildarríkjum sem þess óska.

III.4 Aðferðareining SF: (sannprófun vöru)

EB-sannprófun viðhaldsundirkerfisins

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst EB-sannprófunaraðferð sem tilkynntur aðili notar við að athuga og staðfesta, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan Bandalagsins, að viðhaldsundirkerfi, sem tilkynntur aðili hefur þegar veitt EB-gerðarprófunarvottorð, sé
- í samræmi við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og aðrar viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi sem sýna að grunnkröfum í tilskipun 96/48/EB hefur verið fullnægt,
 - í samræmi við aðrar reglur sem leiddar eru af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.
2. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-sannprófun undirkerfisins (með aðferðinni fyrir vörusannprófun) hjá tilkynntum aðila að eigin vali.
- Umsóknin skal innihalda:
- nafn og heimilisfang úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans,
 - tækniskjölin.
3. Í þessum hluta aðferðarinnar gengur úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu úr skugga um að viðkomandi undirkerfi sé í samræmi við gerðina, sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og að það fullnægi viðeigandi kröfum í tilskipun 96/48/EB og þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.
4. Úrskurðaraðilinn skal gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að framleiðsluferlið (þ.m.t. samsetning og samþætting rekstrarsamhæfisluta) tryggji að undirkerfið sé í samræmi við gerðina sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu og að það fullnægi viðeigandi kröfum í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.
5. Tækniskjölin skulu gera það kleift að skilningur fái á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og rekstri undirkerfisins og að meta hvort gætt hafi verið samræmis við gerðina, sem er lýst í vottorðinu um gerðarprófun, og við kröfur í tilskipuninni og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Þau skulu innihalda:

- gerðarprófunarvottorðið og fylgiskjöl þess og viðbætur og, svo fremi eftirfarandi sé ekki meðal fylgiskjalanna með EB-gerðarprófunarvottorðinu,
 - almenna lýsingu á undirkerfinu, heildarhönnun þess og skipulagi,
 - frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af undirsamstæðum, hringrásum o.s.frv.,
 - tækniskjöl er varða framleiðslu og samsetningu undirkerfisins,
 - tæknilegar hönnunarforskriftir, þ.m.t. evrópskar forskriftir, sem hafa verið notaðar,
 - nauðsynleg fylgigögn um að þær séu fullnægjandi, einkum ef evrópskar forskriftir hafa ekki verið notaðar að fullu,
 - skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,
 - skrá yfir framleiðendur sem eiga hlut að hönnun, framleiðslu, samsetningu og uppsetningu undirkerfisins,
 - skrá yfir evrópskar forskriftir. Sé þess krafist í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi að tækniskjölin innihaldi frekari upplýsingar skulu þær fylgja með.
6. Tilkynti aðilinn skal gera viðeigandi athuganir og prófanir til þess að kanna samræmi undirkerfisins við gerðina, sem lýst er í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og við kröfumur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi með því að athuga og prófa hvert raðframleitt undirkerfi eins og tilgreint er í 4. lið.
7. Sannprófun með athugun og prófun á hverju (raðframleiddu) undirkerfi.
- 7.1. Tilkynti aðilinn skal gera nauðsynlegar prófanir, athuganir og sannprófanir til að tryggja samræmi undirkerfisins sem raðframleiðslu við grunnkröfur í tilskipuninni og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi. Rannsóknirnar, prófanirnar og eftirlitið skulu ná yfir eftirfarandi áfanga eins og kveðið er á um í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi:
- skipulag undirkerfisins, þ.m.t. samsetning hluta þess og heildarstilling,
 - lokaprófun undirkerfisins,
 - og, ef svo er tilgreint í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, fullgildingu miðað við fullan rekstur.
- 7.2. Hvert undirkerfi skal (sem raðframleiðsla) athugað sérstaklega og viðeigandi prófanir og sannprófanir gerðar eins og fram kemur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi og viðkomandi evrópskum forskriftum (eða jafngildar prófanir) til að sannreyna að það sé í samræmi við gerðina, sem er lýst í EB-gerðarprófunarvottorðinu, og viðeigandi kröfur í þessari tækniforskrift um rekstrarsamhæfi.
8. Tilkynti aðilinn og úrskurðaraðilinn geta komið sér saman um staði fyrir prófanir og að úrskurðaraðilinn annist, undir beinni umsjón og að viðstöddum tilkynta aðilanum, lokaprófun undirkerfisins og, þegar þess er krafist í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, prófanir eða fullgildingu miðað við fullan rekstur.
9. Tilkynti aðilinn skal ætíð hafa aðgang, vegna prófana og sannprófunar, að framleiðsluverkstæðum, samsetningar- og uppsetningarstöðum og, ef við á, stöðum, þar sem smíðaðar eru tilbúnar einingar, og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að hafa aðgang að til að vinna verk sitt eins og kveðið er á um í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.
10. Ef undirkerfið uppfyllir kröfur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skal tilkynti aðilinn, á grundvelli prófana, sannprófana og athugunar á allri raðframleiðslu skv. 7. lið og kröfum í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi og evrópsku forskriftunum sem um getur í 10 gr. tilskipunar 96/48/EB, útbúa vottorð um EB-sannprófun sem ætlað er úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu en hann skal síðan semja EB-yfirlýsingu um sannprófun sem ætluð er eftirlitsyfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem undirkerfið er staðsett og/eða í rekstri. EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölin og í henni skulu a.m.k. koma fram sömu upplýsingar og í V. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

11. Tilkynti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tæknimöppu sem þarf að fylgja EB-sannprófunar-yfirlýsingunni. Tæknimappan skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 96/48/EB, einkum:
 - öll nauðsynleg skjöl sem varða eiginleika undirkerfisins,
 - skrá yfir rekstrarsamhæfisluta sem fella á inn í undirkerfið,
 - afrit af EB-yfirlýsingum um samræmi og, eftir því sem við á, nothæfi sem skulu fylgja þessum samhæfislutum skv. 13. gr. tilskipunarinnar ásamt, eftir því sem við á, tilheyrandi skjölum (vottorðum, skjölum um samþykki fyrir gæðakerfinu og eftirlit með því) sem tilkynntir aðilar hafa gefið út á grundvelli tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi,
 - öll atriði sem tengjast skilyrðum fyrir notkun og takmörkunum á notkun,
 - öll atriði sem tengjast fyrirmælum um þjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingar og viðhald,
 - EB-vottorð um gerðarprófun og meðfylgjandi tækniskjöl,
 - vottorð um EB-sannprófun frá tilkynta aðilanum, sem um getur í 10. lið, undirrituð af honum sjálfum, ásamt tilheyrandi útreikningum sem hann áritar, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi og, ef við á, tilgreindir þeir fyrirvarar, sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi, og einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur, ef við á, sem gerðar hafa verið í tengslum við sannprófunina.
12. Öll tilskilin skjöl, sem fylgja vottorðinu um EB-sannprófun, skulu lögð inn hjá úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans til stuðnings vottorðinu um EB-sannprófun, sem tilkynti aðilinn gaf út, og skulu fylgja EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni sem úrskurðaraðilinn samdi fyrir eftirlitsyfirvaldið.
13. Úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans í Bandalaginu skal geyma afrit af skjölunum allan endingartíma undirkerfisins og senda þeim aðildarríkjum sem þess óska.

III.5. Aðferðareining SG: (einingarsannprófun)

EB-sannprófun viðhaldsundirkerfisins

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst EB-sannprófunaraðferð sem tilkynntur aðili notar við að ganga úr skugga um, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan bandalagsins, að viðhalds-undirkerfi sé:
 - í samræmi við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og aðrar viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi sem sýna að grunnkröfum í tilskipun 96/48/EB hefur verið fullnægt,
 - í samræmi við aðrar reglur sem leiddar eru af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.
2. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-sannprófun undirkerfisins (með aðferðinni fyrir einingarsannprófun) hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

 - nafn og heimilisfang úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans,
 - tækniskjölin.
3. Tækniskjölin skulu gera það kleift að skilningur fái á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og rekstri undirkerfisins og að meta hvort gætt hafi verið samræmis við kröfur tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi.

Þau skulu innihalda:

 - almenna lýsingu á undirkerfinu, heildarhönnun þess og skipulagi,
 - frumdrög að hönnun og framleiðsluteikningar og skýringarmyndir af undirsamstæðum, hringrásum o.s.frv.,
 - tækniskjöl er varða framleiðslu og samsetningu undirkerfisins,

- tæknilegar hönnunarforskriftir, þ.m.t. evrópskar forskriftir, sem hafa verið notaðar,
- nauðsynleg gögn til að sanna að tækniskjölin séu fullnægjandi, einkum ef evrópsku forskriftirnar, sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, og viðeigandi ákvæði hafa ekki verið notuð að fullu,
- skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,
- skrá yfir framleiðendur sem eiga hlut að hönnun, framleiðslu, samsetningu og uppsetningu undirkerfisins,
- skrá yfir evrópsku forskriftirnar sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi eða í tæknilegu hönnunarforskriftinni.

Sé þess krafist í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi að tækniskjölin innihaldi frekari upplýsingar skulu þær fylgja með.

4. Tilkynti aðilinn skal athuga umsóknina og gera viðeigandi prófanir og sannprófanir eins og mælt er fyrir um í tækniforskriftinni og/eða í evrópskum forskriftunum, sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar í tilskipuninni eins og kveðið er á um í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi. Rannsóknirnar, prófanirnar og eftirlitið skulu ná yfir eftirfarandi áfanga eins og kveðið er á um í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi:
 - heildarhönnun,
 - skipulag undirkerfisins, þ.m.t. einkum og þegar við á mannvirkjagerð, samsetning hluta og heildarstilling,
 - lokaprófun undirkerfisins,
 - og, ef svo er tilgreint í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, fullgildingu miðað við fullan rekstur.
5. Tilkynti aðilinn og úrskurðaraðilinn geta komið sér saman um staði fyrir prófanir og að úrskurðaraðilinn annist, undir beinni umsjón og að viðstöddum tilkynta aðilanum, lokaprófanir á undirkerfinu og, þegar þess er krafist í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, prófanir á undirkerfinu í fullum rekstri.
6. Tilkynti aðilinn skal ætíð hafa aðgang, vegna prófana og sannprófunar, að stöðum þar sem hönnun fer fram, að byggingarsvæðum, framleiðsluverkstæðum, samsetningar- og uppsetningarstöðum og, ef við á, stöðum, þar sem smíðaðar eru tilbúnar einingar, og prófunarstöðum til að vinna verk sitt eins og kveðið er á um í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.
7. Ef undirkerfið uppfyllir kröfur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skal tilkynti aðilinn, á grundvelli prófana, sannprófana og eftirlits samkvæmt kröfum í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi og evrópsku forskriftunum, sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, útbúa vottorð um EB-sannprófun sem ætlað er úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu en hann skal síðan semja EB-yfirlýsingu um sannprófun sem ætluð er eftirlitsyfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem undirkerfið er staðsett og/eða í rekstri. EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölin og í henni skulu a.m.k. koma fram sömu upplýsingar og í V. viðauka við tilskipun 96/48/EB.
8. Tilkynti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tæknimöppu sem þarf að fylgja EB-sannprófunaryfirlýsingunni. Tæknimappan skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 96/48/EB, einkum:
 - öll nauðsynleg skjöl sem varða eiginleika undirkerfisins,
 - skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,
 - afrit af EB-yfirlýsingum um samræmi og, eftir því sem við á, nothæfi sem skulu fylgja fyrrnefndum hlutum skv. 13. gr. tilskipunarinnar ásamt, eftir því sem við á, tilheyrandi skjölum (vottorðum, skjölum um samþykki fyrir gæðakerfinu og eftirlit með því) sem tilkyntir aðilar hafa gefið út á grundvelli tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi,
 - öll atriði sem tengjast skilyrðum fyrir notkun og takmörkunum á notkun,
 - öll atriði sem tengjast fyrirmælum um þjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingar og viðhald,
 - vottorð um EB-sannprófun frá tilkynta aðilanum, sem um getur í 7. lið, tilheyrandi útreikningum sem hann áritar, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi og, ef við á, tilgreindir þeir fyrirvarar sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi. Einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur, ef við á, sem gerðar hafa verið í tengslum við sannprófunina.

9. Öll tilskilin skjöl, sem fylgja vottorðinu um EB-sannprófun, skulu lögð inn hjá úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans til stuðnings vottorðinu um EB-sannprófun, sem tilkynnti aðilinn gaf út, og skulu fylgja EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni sem úrskurðaraðilinn samdi fyrir eftirlitsyfirvaldið.
10. Úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans í Bandalaginu skal geyma afrit af skjölunum allan endingartíma undirkerfisins og senda þeim aðildarríkjum sem þess óska.

III.6 Aðferðareining SH2 (full gæðatrygging með hönnunarprófun)

EB-sannprófun viðhaldsundirkerfisins

1. Í þessari aðferðareiningu er lýst EB-sannprófunaraðferð sem tilkynntur aðili notar við að ganga úr skugga um, að beiðni úrskurðaraðila eða viðurkennds fulltrúa hans með staðfestu innan bandalagsins, að viðhaldsundirkerfi sé:

— í samræmi við þessa tækniforskrift um rekstrarsamhæfi og aðrar viðeigandi tækniforskriftir um rekstrarsamhæfi sem sýna að grunnkröfum í tilskipun 96/48/EB hefur verið fullnægt,

— í samræmi við aðrar reglur sem leiddar eru af sáttmálanum og að heimilt sé að taka það í notkun.

Tilkynnti aðilinn beitir þessari aðferð, ásamt hönnunarprófun undirkerfisins, með því skilyrði að hlutaðeigandi úrskurðaraðili og framleiðendur uppfylli skyldur sínar skv. 2. lið.

2. Að því er varðar undirkerfið, sem fellur undir EB-sannprófunaraðferðina, er úrskurðaraðilanum einungis heimilt að gera samninga við framleiðendur ef starfsemi þeirra, sem er þáttur í gerð undirkerfisins sem á að sannprófa (hönnun, framleiðslu, samsetningu, uppsetningu), fellur undir viðurkennt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og lokaskoðun og prófun fullunninnar vöru, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

Hugtakið framleiðandi tekur einnig til fyrirtekja:

— sem bera ábyrgð á öllu undirkerfisverkinu (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins (aðalverktaki)),

— sem annast hönnunarþjónustu og -rannsóknir (t.d. ráðgjafar),

— sem annast samsetningu (samsetningaraðili) og uppsetningu undirkerfisins. Fyrir framleiðendur, sem annast aðeins samsetningu og uppsetningu, nægir gæðakerfi fyrir framleiðslu og lokaskoðun og -prófun framleiðsluvörunnar.

Aðalverktakinn, sem ber ábyrgð á undirkerfisverkinu í heild (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins), skal, hvað sem öðru líður, reka viðurkennt gæðakerfi fyrir hönnun, framleiðslu og lokaskoðun og -prófun vörunnar, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

Þegar svo háttar til að úrskurðaraðili á beinan hlut að hönnun og/eða framleiðslu (þ.m.t. samsetningu og uppsetningu) eða þegar úrskurðaraðili ber sjálfur ábyrgð á undirkerfisverkinu í heild (einkum ábyrgð á samþættingu undirkerfisins) ber honum að reka viðurkennt gæðakerfi fyrir þá starfsemi, eins og tilgreint er í 3. lið, sem fellur undir eftirlit eins og tilgreint er í 4. lið.

3. Gæðakerfi

- 3.1. Hlutaðeigandi framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu leggja inn umsókn um mat á gæðakerfi sínu hjá tilkynntum aðila að eigin vali.

Umsóknin skal innihalda:

— allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugað undirkerfi,

— upplýsingaskjöl um gæðakerfið.

Þegar um er að ræða framleiðendur sem eiga aðeins þátt í hluta undirkerfisverksins er einungis óskað upplýsinga varðandi þann hluta.

- 3.2. Þegar um aðalverktakann er að ræða skal gæðakerfið tryggja að undirkerfið í heild sé í samræmi við kröfur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi. Þegar um aðra framleiðendur (undirbirgja) er að ræða verður gæðakerfið að tryggja að viðeigandi framlag þeirra til undirkerfisins sé í samræmi við kröfurnar í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi.

Alla þá þætti, kröfur og ákvæði, sem umsækjandi hefur tekið tillit til, skal skjalfesta á kerfisbundinn og skipulegan hátt sem skriflegar reglur, aðferðir og leiðbeiningar. Þessi upplýsingaskjöl um gæðakerfið eiga að tryggja að áætlanir, skipulag, handbækur og skrár, er varða gæði, séu alltaf túlkuð á sama hátt.

Gögnin skulu einkum innihalda fullnægjandi lýsingu á eftirfarandi atriðum:

að því er varðar alla umsækjendur:

- gæðamarkmiðum og stjórnskipulagi,
- samsvarandi aðferðum við framleiðslu, gæðastýringu og gæðatryggingu og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem nota skal,
- þeim rannsóknnum, athugunum og prófunum sem gerðar verða fyrir, við og eftir framleiðslu, samsetningu og uppsetningu og hversu oft þær verða gerðar,
- skýrslum um gæði, svo sem skoðunarskýrslum og prófunargögnum, kvörðunargögnum, skýrslum um menntun og hæfi starfsmanna o.s.frv.,

að því er varðar aðalverktaka og undirbirgja (aðeins ef það skiptir máli með tilliti til sérframlags umsækjanda til undirkerfisverksins):

- tæknilegum hönnunarforskriftum, þ.m.t. evrópskum forskriftum, sem notaðar verða og, þegar evrópsku forskriftirnar, sem um getur í 10. gr. tilskipunar 96/48/EB, eru ekki notaðar að fullu, þeim leiðum sem verða farnar til að tryggja að þær kröfur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, sem gilda um undirkerfið, verði uppfylltar,
- þeirri tækni til stýringar og sannprófunar á hönnun og þeim ferlum og kerfisbundnu aðgerðum sem beitt verður við hönnun undirkerfisins,
- hvernig fylgst er með því að tilskilin gæði hönnunar og undirkerfis hafi náðst og að rekstur gæðakerfisins skili þeim árangri sem stefnt er að,

og að því er varðar aðalverktaka:

- ábyrgð stjórnar og heimildum með tilliti til heildarhönnunar og gæða undirkerfisins, einkum stjórnunar á samþættingu undirkerfisins.

Rannsóknir, prófanir og eftirlit skulu ná yfir eftirfarandi áfanga:

- heildarhönnun,
- skipulag undirkerfisins, þ.m.t. einkum mannvirkjagerð, samsetning hluta og lokastilling,
- lokaprófun undirkerfisins,
- og, ef svo er tilgreint í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, fullgildingu miðað við fullan rekstur.

- 3.3. Tilkynti aðilinn, sem um getur í lið 3.1, skal meta gæðakerfið til þess að ákvarða hvort það fullnægir kröfunum sem um getur í lið 3.2. Hann skal gera ráð fyrir því að kröfurnar séu uppfylltar ef viðeigandi, samhæfður staðall er notaður í gæðakerfinu. Þessi samhæfði staðall á að vera EN ISO 9001 frá desember 2000 sem gengið er þannig frá, ef þörf krefur, að tekið sé tillit til séreiginleika undirkerfisins þar sem hann er notaður.

Fyrir umsækjendur, sem eiga aðeins hlut að samsetningu og uppsetningu, á þessi samhæfði staðall að vera EN ISO 9001 frá desember 2000 sem gengið er þannig frá, ef þörf krefur, að tekið sé tillit til séreiginleika undirkerfisins þar sem hann er notaður.

Úttektin skal miðuð sérstaklega við viðkomandi undirkerfi og taka skal tillit til sérframlags umsækjanda til undirkerfisins. Í úttektarhópnum skal vera a.m.k. einn maður sem hefur reynslu af mati á þeirri undirkerfis-tækni sem um er að ræða. Hluti af matinu skal vera vitjun á athafnasvæði umsækjanda.

Ákvörðunin skal tilkynt umsækjanda. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun vegna matsins.

- 3.4. Hlutaðeigandi framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu skuldbinda sig til að rækja þær skyldur sem gæðakerfið, í þeirri mynd sem það hefur verið samþykkt, leggur honum á herðar og til að viðhalda því svo að það sé fullnægjandi og skilvirkt.

Þeir skulu upplýsa tilkynnta aðilann, sem samþykkti gæðakerfi þeirra, um allar fyrirhugaðar uppfærslur á því.

Tilkynnti aðilinn skal meta þær breytingar sem lagðar eru til og ákveða hvort breytt gæðakerfi fullnægi enn kröfunum sem um getur í lið 3.2 eða hvort nýtt mat þurfi að fara fram.

Hann skal tilkynna umsækjanda ákvörðun sína. Í tilkynningunni skulu koma fram niðurstöður athugunarinnar og rökstudd ákvörðun varðandi matið.

4. Eftirlit með gæðakerfinu eða -kerfunum sem tilkynnti aðilinn eða aðilarnir bera ábyrgð á.
- 4.1. Tilgangurinn með eftirlitinu er að tryggja að framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, ræki þær skyldur sem samþykkt gæðakerfið leggur þeim á herðar.
- 4.2. Tilkynnti aðilinn (eða aðilarnir), sem um getur í lið 3.1, skal ætíð hafa aðgang í eftirlitsskyni að stöðum, þar sem hönnun fer fram, að byggingarsvæðum, framleiðsluverkstæðum, samsetningar- og uppsetningarstöðum, geymslusvæðum og, ef við á, stöðum, þar sem smíðaðar eru tilbúnar einingar, og prófunarstöðum og almennt að öllum þeim stöðum sem hann telur sig þurfa að hafa aðgang að til að vinna verk sitt í samræmi við sérframlag umsækjanda til undirkerfisins.
- 4.3. Framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, eða viðurkenndur fulltrúi úrskurðaraðila með staðfestu innan Bandalagsins skulu senda tilkynnta aðilanum, sem um getur í lið 3.1, eða láta senda honum öll skjöl sem hann þarf til þess, einkum framkvæmdaáætlanir og tæknileg gögn um undirkerfið (svo fremi að það skipti máli með tilliti til sérframlags umsækjanda til undirkerfisins), einkum:

— upplýsingaskjöl um gæðakerfið, þ.m.t. þær sérstöku ráðstafanir sem hafa verið gerðar:

— (að því er varðar aðalverktakann) að heildarábyrgð og heimildir stjórnar, með tilliti til þess að tryggja samræmi alls undirkerfisins við kröfurnar, séu nægilega vel og réttilega skilgreindar,

— að gæðakerfum hvers framleiðanda sé stjórnað á réttan hátt til að ná fram samþættingu á undirkerfisgrundvelli,

— skýrslur um gæði sem tengjast hönnunarhluta gæðakerfisins, svo sem niðurstöður greininga, útreikninga, prófana o.s.frv.,

— skýrslur um gæði sem tengjast framleiðsluhluta (þ.m.t. samsetning og uppsetning) gæðakerfisins, svo sem skoðunarskýrslur og prófunargögn, kvörðunargögn, skýrslur um menntun og hæfi hlutaðeigandi starfsmanna o.s.frv.

- 4.4. Tilkynnti aðilinn (eða aðilarnir) skal með jöfnu millibili gera úttekt á því hvort framleiðandi (eða framleiðendur) og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, viðhalda gæðakerfinu og nota það og skal gefa framleiðanda skýrslu um úttektina.

Úttektir skulu gerðar a.m.k. einu sinni á ári og a.m.k. ein úttekt skal gerð á tímabili þegar viðeigandi starfsemi fer fram (hönnun, framleiðsla, samsetning eða uppsetning) að því er varðar undirkerfið sem fellur undir EB-sannprófunaraðferðina sem nefnd er í 6. lið.

- 4.5. Að auki er tilkynnta aðilanum eða aðilunum heimilt að koma fyrirvaralaust á þau svæði umsækjanda eða umsækjenda sem um getur í lið 4.2. Í slíkum vitjunum er tilkynnta aðilanum heimilt að gera heildarúttekt eða hlutaúttekt til að ganga úr skugga um að gæðakerfið vinni rétt ef með þarf. Hann skal afhenda umsækjanda eða umsækjendum skoðunarskýrslu og úttektarskýrslu hafi úttekt farið fram.

5. Framleiðandi eða framleiðendur og úrskurðaraðili, ef hann á hlut að máli, skulu, í minnst 10 ár eftir að síðasta undirkerfið hefur verið framleitt, hafa tiltæk fyrir innlend yfirvöld:

— skjölin sem um getur í öðrum undirlið annarrar undirgreinar í lið 3.1,

— gögn um þær uppfærslur sem um getur í annarri undirgrein í lið 3.4,

— þær ákvarðanir og skýrslur frá tilkynnta aðilanum sem um getur í lokaundirgrein liðar 3.4 og í liðum 4.4 og 4.5.

6. EB-sannprófunaraðferð
- 6.1. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal leggja inn umsókn um EB-sannprófun undirkerfisins (með aðferðinni fyrir fulla gæðatryggingu með hönnunarprófun), þ.m.t. samræmingu á eftirliti með gæðakerfum skv. lið 4.4. og 4.5, hjá tilkynntum aðila að eigin vali. Úrskurðaraðili eða viðurkenndur fulltrúi hans með staðfestu í Bandalaginu skal tilkynna hlutaðeigandi framleiðendum um val sitt og um umsóknina.
- 6.2. Upplýsingarnar í umsókninni skulu gera það kleift að skilningur fái á hönnun, framleiðslu, uppsetningu og rekstri undirkerfisins og að meta hvort gætt hafi verið samræmis við kröfur tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi.

Hún skal innihalda:

- tæknilegar hönnunarforskriftir, þ.m.t. evrópskar forskriftir, sem hafa verið notaðar,
 - nauðsynleg gögn til að sanna að þær séu fullnægjandi, einkum ef evrópsku forskriftirnar, sem um getur í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi, hafa ekki verið notaðar að fullu. Þessi sönnunargögn skulu innihalda niðurstöður prófana sem viðeigandi rannsóknarstofa framleiðanda hefur gert eða önnur hefur gert á hans vegum,
 - tækniskjöl er varða framleiðslu og samsetningu undirkerfisins,
 - skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,
 - skrá yfir alla framleiðendur sem eiga hlut að hönnun, framleiðslu, samsetningu og uppsetningu undirkerfisins,
 - staðfestingu á að gæðakerfi framleiðanda (eða framleiðenda) og/eða hlutaðeigandi úrskurðaraðila nái yfir alla áfangana, sem um getur í lið 3.2, og gögn um skilvirkni þeirra,
 - upplýsingar um tilkynnta aðilann (eða aðilana) sem ber ábyrgð á viðurkenningu þessara gæðakerfa og eftirliti með þeim.
- 6.3. Tilkynnti aðilinn skal fara yfir umsóknina um hönnunarprófun og gefa út hönnunarprófunarskýrslu til handa umsækjanda ef hönnunin reynist uppfylla þau ákvæði tilskipunar 96/48/EB og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi sem gilda um hana. Skýrslan skal innihalda niðurstöður hönnunarprófunarinnar, gildiskilyrði, nauðsynleg gögn til að sanngreina hina prófuðu hönnun og, ef við á, lýsingu á starfsemi undirkerfisins.
- 6.4. Tilkynnti aðilinn skal, að því er varðar aðra áfanga EB-sannprófunar, kanna hvort samþykki fyrir gæðakerfi eða gæðakerfum og eftirlit með þeim nái nægilega vel og með réttum hætti yfir alla áfanga undirkerfisins sem um getur í lið 3.2.

Ef samræmi undirkerfisins við kröfurnar í tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi byggist á fleiri en einu gæðakerfi skal hann einkum kanna:

- hvort tengsl og skilfletir milli gæðakerfanna séu skilmerkilega skjalfærð,
 - og hvort heildarábyrgð og heimildir stjórnar, að því er varðar aðalverktakann og með tilliti til þess að tryggja samræmi alls undirkerfisins við kröfurnar, séu nægilega vel og réttilega skilgreindar.
- 6.5. Ef tilkynnti aðilinn, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun, annast ekki eftirlit með viðkomandi gæðakerfi eða gæðakerfum skv. 4. lið skal hann samræma eftirlitsstarfsemi annarra tilkynntra aðila, sem annast það verk, til að tryggja, með tilliti til samþættingar undirkerfisins, að rétt sé farið með stjórnun skilflata milli mismunandi gæðakerfa. Þessi samræming felur í sér rétt tilkynnta aðilans, sem ber ábyrgð á EB-sannprófun:
- til að fá afhent öll skjöl (um viðurkenningu og eftirlit) sem annar eða aðrir tilkynntir aðilar hafa gefið út,
 - til að fylgjast með eftirlitsúttektum skv. lið 4.4,
 - til að hefja frekari úttektir skv. lið 4.5 á eigin ábyrgð og ásamt öðrum tilkynntum aðila eða aðilum.

- 6.6. Ef undirkerfið uppfyllir kröfur í tilskipun 96/48/EB og tækniforskriftinni um rekstrarsamhæfi skal tilkynnti aðilinn, á grundvelli hönnunarprófunar og viðurkenningar og eftirlits með gæðakerfinu eða gæðakerfunum, útbúa vottorð um EB-sannprófun sem ætlað er úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans með staðfestu í Bandalaginu en hann skal síðan semja EB-yfirlýsingu um sannprófun sem ætluð er eftirlitsyfirvaldinu í aðildarríkinu þar sem undirkerfið er staðsett og/eða í rekstri.

EB-sannprófunaryfirlýsing og fylgiskjöl hennar þurfa að vera dagsett og undirrituð. Yfirlýsingin skal samin á sama tungumáli og tækniskjölín og í henni skulu a.m.k. koma fram sömu upplýsingar og í V. viðauka við tilskipun 96/48/EB.

- 6.7. Tilkynnti aðilinn ber ábyrgð á því að taka saman tæknimöppu sem þarf að fylgja EB-sannprófunaryfirlýsingunni. Tæknimappan skal a.m.k. innihalda upplýsingarnar sem tilgreindar eru í 3. mgr. 18. gr. tilskipunar 96/48/EB, einkum:

- öll nauðsynleg skjöl sem varða eiginleika undirkerfisins,
- skrá yfir rekstrarsamhæfishluta sem fella á inn í undirkerfið,
- afrit af EB-yfirlýsingum um samræmi og, eftir því sem við á, nothæfi sem skulu fylgja þessum samhæfishlutum skv. 13. gr. tilskipunarinnar ásamt, eftir því sem við á, tilheyrandi skjölum (vottorðum, skjölum um samþykki fyrir gæðakerfinu og eftirlit með því) sem tilkynntir aðilar hafa gefið út á grundvelli tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi,
- öll atriði sem tengjast skilyrðum fyrir notkun og takmörkunum á notkun,
- öll atriði sem tengjast fyrirmælum um þjónustu, stöðugt eða reglubundið eftirlit, stillingar og viðhald,
- vottorð um EB-sannprófun frá tilkynnta aðilanum, sem um getur í lið 6.6, undirrituð af honum sjálfum, ásamt tilheyrandi útreikningum sem hann áritar, þar sem fram kemur að verkefnið sé í samræmi við ákvæði tilskipunarinnar og tækniforskriftarinnar um rekstrarsamhæfi og, ef við á, tilgreindir þeir fyrirvarar sem gerðir voru meðan á framkvæmdum stóð og sem ekki hafa verið felldir úr gildi. Einnig skulu fylgja vottorðinu eftirlits- og úttektarskýrslur sem gerðar hafa verið í tengslum við sannprófunina eins og fram kemur í liðum 4.4 og 4.5.


7. Öll tilskilin skjöl, sem fylgja vottorðinu um EB-sannprófun, skulu lögð inn hjá úrskurðaraðila eða viðurkenndum fulltrúa hans til stuðnings vottorðinu um EB-sannprófun, sem tilkynnti aðilinn gaf út, og skulu fylgja EB-gerðarprófunaryfirlýsingunni sem úrskurðaraðilinn samdi fyrir eftirlitsyfirvaldið.
8. Úrskurðaraðilinn eða viðurkenndur fulltrúi hans í Bandalaginu skal geyma afrit af skjölunum allan endingartíma undirkerfisins og senda þeim aðildarríkjum sem þess óska.

IV. VIDAUKI

TENINGAR FYRIR SALERNISTÆMINGARKERFIÐ

3" tenging fyrir tæmingu og 1" tenging fyrir skolun (ytri hlutar)

Tengi




	A	B	C	D	E	F	G
3" tenging	92,20	104	55	7,14	4	82,55	133,3
1" tenging	37,24	40,5	37,5	7,14	2,4	44,45	65

Efni: ryðfrítt stál

Almenn frávik ± 0,1

1. mynd



	A	B	C
3" tengi	94,45	76,20	6,35
1" tengi	39,69	26,98	6,35

Almenn frávik ± 0,1


Efni: Saurpölið gúmmilíki, t.d. FPM (flúorgúmmi)

2. mynd

V. VIDAUKI

INNTAKSTENGINGAR FYRIR VATNSTANKA

Inntakstengingar fyrir vatnstanka



□ = Skyldubundið

Mynd 3